febrúar 2008
**menning**
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR ]

# VATNSMÝRIN
# *102 Reykjavík*



**Áfangi 1** Verðlaunatillagan gerir ráð fyrir að nyrsta svæðið merkt gulu umhverfis Háskóla Íslands verði fyrst byggt upp, bæði umhverfis Aðalbygginguna og vestan og sunnan við Norræna húsið og hús Íslenskrar erfðagreiningar sem hér eru merkt svörtu.



**Áfangi 2** Í þessum áfanga hefst jarðvegsundirbúningur og hér má sjá stöðu flugvallarins og bygginga umhverfis hann merkt með gulu.



**Áfangi 3** Helstu landslagshlutum komið fyrir: ný tjörn grafin upp og á svæðinu milli litla og stóra Skerjafjarðar þar sem lendingabrautin er nú rís hverfi lágvaxinna einbýlishúsa. Háskólinn í Reykjavík er risinn og nýja sjúkrahúsið efst á myndinni og þar fyrir neðan viðskiptahverfi og samgöngumiðstöð, allt merkt gulu.



**Áfangi 4** Byggð rís á vesturbakka nýju tjarnarinnar og stórt hverfi blandaðrar byggðar þar sem nú er miðja flugvallarins. Ferhyrndir byggingarreitir með súlugöngum og bílastæðum undir miðjugörðum sem minna á grunnhugmynd skipulagsins frá 1927. Nýbyggingar merktar gulu.



**Áfangi 5** Raðhúsabyggð rís í hlíð Öskjuhlíðar mót vestri og lagar sig að hæðarlínum í landinu. Frá byggingu Háskólans í Reykjavík rís strimill húsnæðis á línu norðaustur-suðvestur. Nýbyggingar merktar gulu.



**Áfangi 6** Síðasti áfangi tillögunnar á hinu gamla hafnarstæði sem Einar Benediktsson sá við Skerjafjörð. Þar rís þétt íbúðabyggð tengd útilífsaðstöðu á ströndinni vestan Nauthólsvíkur með smábátahöfn og mögulegri tengingu á stórgötu sem nær frá Tónlistarhúsinu um Lækjargötu, Fríkirkjuveg og áfram að brú yfir í Kársnes og suður eftir. Nýbyggingar merktar gulu.

ALLAR MYNDIR BIRTAR MEÐ LEYFI SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐS REYKJAVÍKUR

**NÝTT LJÓÐ EFTIR VILBORGU DAGBJARTSDÓTTUR ■ ÍSLENSK MYNDLIST Á UPPBOÐI Í KAUPMANNAHÖFN ■ ÍSLAND Í HEIÐURSSESSI Á FRANKFURTARMESSUNNI 2011 ■ ER HÆGT AÐ BÚA TIL SAGNASKÁLD? ■ TVÆR NÝJAR SINFÓNÍUR ■ RITDÓMAR ■ FRÁ HEIMSSTYRJÖLD TIL HERVERNDAR ■ VOFUR HVERSDAGSINS OG DALUR DRAUGANNA**

## SAMKEPPNISSTOFNUN HAMLAR STÓRVIRKJUM

**Páll Baldvin Baldvinsson skrifar**

Skilyrði sem Samkeppniseftirlitið hefur sett fyrir sameiningu JPV og Máls og menningar munu ef gengur eftir hamla dýrum og fjárfrekum verkefnum í íslenskri bókaútgáfu. Stofnunin telur nauðsynlegt að skorið sé af verkum sem hið sameinaða fyrirtæki ætti rétt á til endurútgáfu: Íslenskri orðabók, Ensk-íslenskri orðabók og áframhaldandi útgáfu á verkum Halldórs Laxness.

Þegar eru til þúsundir eintaka af verkum Halldórs í hillum landsmanna. Raunar vann Ólafur Ragnarsson þrekvirki með endurútgáfu á öllum tiltækum verkum Halldórs sem voru uppurin á sínum tíma hjá Helgafelli þá hún rann saman við Vöku. Ekki er því eftir miklu að slægjast í þeim rétti en vissulega er það stöðutákn hjá þeim sem býður í réttinn og lagerinn. Í hlut þeirrar útgáfu kemur að berjast áfram á erlendum vettvangi fyrir útgáfu á verkum Halldórs, sem verður bæði tímafrekt og fjárfrekt verkefni.

Verra er með orðabækurnar: slík útgáfa heimtir sterka stofna, fyrirtæki sem eru með margþætta útgáfu á mörgum sviðum og eru því þess megn að geta tekið stórvirki á borð við þessar orðabækur reglulega til endurskoðunar. Á sínum tíma var ráðist í útgáfu á vegum ríkisins meðal annars til að standa fyrir útgáfu að þessu tagi. Vel má vera að Hið íslenzka bókmenntafélag treysti sér til að taka þann bagga af eigendum hins nýstofnað Forlags, en það verður aðeins til þess að harðar verður af þeim sótt í sameiginlega sjóði landsmanna eftir útgáfustyrkjum. Byrðinni og ábyrgðinni er þannig velt yfir á skattborgara.

Víst er Samkeppniseftirlitinu skylt lögum samkvæmt að huga að stærð fyrirtækja á markaði. Margt í dómi þeirra er í raun viðurkenning á gildandi reglum í samskiptum höfunda og forlaga, til dæmis tímalengd útgáfusamninga. Annað lýtur að afsláttarpólitík gagnvart stórum söluaðilum. Þeir hjá Samkeppniseftirlitinu segjast hafa leitað víða eftir athugasemdum hjá aðilum í íslenskum bókaiðnaði. Gaman væri að vita hverjir hafa verið ráðgjafar þeirra í smíði skilyrða sem vega svo alvarlega að útgáfu stærri verka. Ekki hafa þeir eða starfsmenn Samkeppniseftirlitsins litið til sögunnar og reynslunnar og áttað sig á hinu sögulega samhengi í íslenskri bókaútgáfu: Almenna bókafélagið, Mál og menning fyrr á tíð, Fróði, Örn og Örlygur, Iðunn, Svart á hvítu, Vaka-Helgafell – frá stríðslokum hafa öll þessi fyrirtæki risið og hnigið, oft sökum þess að forráðamenn þeirra réðust í stórvirki í útgáfu sem var ekki studd dreifðari tekjupóstum og naut ekki styrkja á því litla málsvæði sem við erum á. Saga íslenskrar bókaútgáfu á tuttugustu öld er vörðuð horfnum fyrirtækjum sem færðust of mikið í fang og lutu í gras fyrir bragðið. Og nú eru samkeppnisaðgerðir orðnar Þrándur í götu íslenskum bókaútgefendum.

## LJÓÐIÐ

**Vilborg Dagbjartsdóttir**

### FURÐA

Sumir karlar eru svo frábitnir öllu kvenlegu
að þeir sjá ekki einu sinni móður sína
fyrir fjallskugga föðurins.

Þeir ráða ráðum sínum
í reykmettuðum skrifstofum
og fundarsölum.

Síðdegis leita þeir hvíldar
á garðbekkjum
og muldra og tuldra í skeggið
hver við annan

Beri svo við
að þeir rölti niður á strönd
í kvöldrökkrinu
hætta hafmeyjarnar söng sínum
og stinga sér í þögult djúpið.

Þeir heyra aðeins lágvært gjálfur
lognöldunnar við fjöruborðið.

# MIKIÐ FRAMBOÐ *listaverka*

Uppboðshúsin dönsku eru áhrifamikil um verðþróun á eldri myndlist frá Íslandi.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Málverk eftir Ólaf Elíasson unnið 1992 er í allt öðrum stíl en síðari verk hans sem þekktari eru. Það er metið á tvær og hálfa til þrjár miljónir íslenskra króna.
MYND/BRUUN RASMUSSEN UPPBOÐSHÚS

Mörg íslensk verk eru á uppboðshrinu hjá Uppboðshúsi Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn í byrjun mars. Dagana 3.-7. mars verða fjögur uppboð á vegum Rasmussen. Hinn 3. og 4. er stórt uppboð á verkum CoBrA-málaranna og hefur verið safnað til þess í nokkurn tíma en um þessar mundir eru sextíu ár síðan hreyfingin varð til. Í allt verða 277 verk seld og eru olíuverk þar í mestum meirihluta auk vatnslitaverka, teikninga og þrívíðra verka. Hefur ekki í annan tíma verið náð saman svo stóru safni verka eftir Jörn, Appel og félaga. Elstu verkin eru frá stríðsárunum og þau yngstu ná allt fram til starfsloka þessara meistara. Seinni daginn eru verk úr safni Richards Winter málara (1926-2007) sem var samtímamaður CoBrA-manna í Höfn sem ungur maður og kenndi síðar við Konunglegu Listaakademíuna í Höfn frá 1975-76 og var þar prófessor 1980-86 og átti gríðarstórt safn myndaverka. Þar í bland eru fimm myndir úr safni Roberts Dahlman Olsen eftir Svavar Guðnason en úr hans safni hafa komið óhemju mörg verk eftir Svavar á síðustu misserum.

Dýrustu verkin að mati uppboðshússins verða seld fyrsta daginn að kvöldi til, safn Winters er selt frá kl. 13 þann 4. en um kvöldið er uppboð á sérvöldum málverkum yngri málara og eru þar á meðal þrjú verk eftir Ólaf Elíasson,  stórt olíumálverk frá 1992 (110 x 140 cm) og er það metið á 250 - 300 þúsundir danskra króna; nýlegt ljósmyndaverk frá Íslandi og það þriðja er mynd frá unglingsárum hans, Werewoolf frá 1982.

Íslenskir málarar eru fyrirferðarmeiri í uppboðinu þann 7. mars sem hefst kl. 13 en þar eru 22 íslensk málverk til sölu eftir ýmsa: Þórarin B. Þorláksson, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skulason, Jón Engilberts, Júlíönu Sveinsdóttur, Svein Þórarinsson og fleiri. Má sjá myndir af verkum á þessum uppboðum á vef: www.bruun-rasmussen.dk.

Uppboðið hjá Gallerí Fold þann 3. febrúar bendir til að verðlækkun sé á íslenskum myndlistarmarkaði á verkum í hærri hluta verðskalans. Fór þar mikill fjöldi verka langt undir mati af þeim sem ódýrari voru metin en af hinum dýrari má greina verðlækkun sem er á milli 10 og 20 prósent. Næsta uppboð Gallerí Foldar er fyrirhugað í byrjun mars.

Um allan er heim er búist við að verð á virtri myndlist á uppboðum fari lækkandi og það hægist á sölu verka í galleríum. Þeirra áhrifa gæti bæði á alþjóðlegum markaði og heimamarkaði sem er víða. Hér á landi er ekki hægt að tala um hlutdeild hins erlenda markaðar enda verk flutt að utan sköttuð með fullum virðisaukaskatti meðan innlend verk, bæði á uppboði og í umboðssölu gallería eru undanþegin virðisaukaskatti.



Olíumynd eftir Þorvald Skulason úr eigu dóttur hans er seld á uppboðinu 7. mars.
MYND/BRUUN RASMUSSEN

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum



Lóan er komin

Steingrímur Eyfjörð



Þögn

Finnbogi Pétursson
Finnur Arnar Arnarson
Haraldur Jónsson
Harpa Árnadóttir

# Sýningar í Hafnarhúsinu

Aðgangur ókeypis
Free admission



Hugmyndasamkeppni um Vatnsmýrina

Vatnsmýri – 102 Reykjavík



Ofurhetjur

Erró



D—7

Ingirafn Steinarsson

Hafnarhúsið er opið daglega 10 – 17
og öll fimmtudagskvöld til kl. 22.

Leiðsögn í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum
alla sunnudaga kl. 15.

Aðgangur ókeypis.

Listasafn Reykjavíkur er safnið þitt.

Morgunblaðið
VÍFILFELL

www.listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is S 590 1200 F 590 1201

# BÓKAMARKAÐUR MEÐ LANDKYNNINGU

**Eftir þrjú ár tæp, haustið 2011, er stefnt að því að Ísland verði fyrst Norðurlandanna gestaþjóð í heiðurssæti á stærstu bókahátíð heims, Bókamessunni í Frankfurt. Þann sess skipuðu Katalóníumenn á síðasta ári. Mikið sóknarfæri felst í þessu boði Bókamessunnar. Þýskaland er gamall og sterkur markaður fyrir íslenskar bókmenntir. Hvernig tókst þetta til hjá Katalónum?**

BÓKMENNTIR
HELGA BREKKAN

Í október á hverju ári safnast útgefendur alls staðar að saman í Frankfurt í Þýskalandi í nágrenni við Mainz þar sem Jóhannes Gutenberg, upphafsmaður prentlistarinnar, raðaði stöfum sínum fyrst saman árið 1450. Bókamarkaðurinn Frankfurter Buchmesse er sá stærsti í heimi með fimm hundruð ára sögu að baki.

Flesta fulltrúa á bókamessunni í Frankfurt haustið 2007 áttu forlög frá þýska málsvæðinu en það telur um 100 milljónir manna. Þangað komu 3.358 forlög frá Þýskalandi, 146 frá Austurríki og 218 forlög frá Sviss. Bandaríkin og Bretland sendu saman yfir þúsund forlög á staðinn, Ítalía 279 og Spánn 383. Frá Íslandi komu fulltrúar níu bókaforlaga. Sami fjöldi fulltrúa kom frá Víetnam, Liechtenstein, Venesúela, Kasakstan, Georgíu og Eistlandi.

Titlar í boði á messunni voru margir: 391.652 bókatitlar voru kynntir í fyrra og 283.293 gestir sóttu 172.000 fermetra stórt sýningarsvæðið heim.

Heiðursgestur bókasýningarinnar er land eða málsvæði. Árið 2007 voru katalónskar bókmenntir í sviðsljósinu og í ár hinn 15. til 19. október verður Tyrkland heiðursgestur. Árið 2009 er það Kína og Argentína 2010. Og litla Ísland árið 2011.

### Sóknarfæri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði við setningu bókmenntahátíðar í Norræna húsinu síðastliðið haust: „Hér er um að ræða einstakt tækifæri fyrir Ísland til að kynna sögu okkar og sjálfsmynd, menningu og bókmenntir fyrir árvökulum augum umheimsins.“

Kynningarbásar gestaþjóða draga að meðaltali að sér fjörutíu þúsund gesti og eru sérfræðingar sammála um fjárhagslegt gildi þess að vera gestaþjóð á hátíðinni. Hefur þetta form verið gagnrýnt undanfarin ár, hvort „Gestaþjóðarkonseptið“ sé dottið niður á stig landkynningar þeirra sem borga.

Í fyrra var gestaþjóðin eða þemað bókmenntir Katalóníu, sem var óvenjulegt og vakti umræður á Spáni. Paulina Fariza Guttmann er vel kunnug spænskum bókmenntum og bókmenntamarkaði. Áður en hún fór að gefa út bækur í Barcelona fyrir fimmtán árum þýddi hún katalónskar bókmenntir yfir á kastilísku.

Ég hitti Paulinu Farizu Guttman, stjórnanda bókaforlagsins Alba í Barcelona, og spurði hana um þátttöku Katalóníu á bókahátíðinni árið 2007.

MYND/HELGA BREKKAN



### Rándýrt dæmi

*Hvað kostaði katalónska veislan í Frankfurt í fyrra?*

„Opinber fjárhagsáætlun hljóðaði upp á 12 milljón evrur (krónur 1.201.920.000). Hingað til hefur ekkert land eytt jafn miklum peningum í að kynna sig í Frankfurt. En þar voru ekki bara bókmenntir í boði, heldur líka danshópar, tónlistarmenn og matreiðslumeistarar. Bæði arabalönd og Rússland eyddu fimm milljónum evra í sýningar sínar árin 2004 og 2003. Kostnaður Litháa árið 2002 var ein og hálf milljón evra og var þátttaka þeirra talin skila miklu. Árangur af þátttöku telst ekki alltaf í samræmi við upphæðina sem eytt er í kynningar.“

*Og útkoman fyrir katalónskar bókmenntir?*

„Það er ekki hægt að segja mikið um það enn. En mikill fjöldi bóka var þýddur úr katalónsku á þýsku og ensku og nú mun Katalónía í fyrsta sinn taka þátt í „BookExpo“ stærsta bókamarkaði Bandaríkjanna. Í Frankfurt var einnig sýning sem hét „Books on Catalan Culture“ þar sem 300 forlög frá 27 löndum kynntu yfir 1.000 titla.“

### Mörg mál í einu landi

Íbúar Spánar eru alls 45 milljónir og katalónska er tungumál sem er talað af átta milljónum manna. Á Spáni eru fjögur opinber tungumál. Þau eru kastilíska eða spænska, galisíska, baskneska og katalónska. Spænska er töluð í öllum héruðum landsins, en galisíska í Galisíu, baskneska í Baskalandi og katalónska í Katalóníu. Þessi mál áttu undir högg að sækja á tímum Francos árin 1939-1975. Enn í dag eru fjölmargir sem tala eitt tungumál heima hjá sér og annað á opinberum vettvangi. Katalónska er það tungumál sem stendur sterkast af ofangreindum þremur tungumálum minnihlutanna.

„Reyndar var fjölmiðlaumfjöllun mjög mikil á Spáni og ég held að hjá Spánverjum hafi umfjöllun um Frankfurt verið mun stærri en hjá flestum öðrum þjóðum í fyrra,“ segir Paulina og brosir.

*Nú þekkir þú bókabransann vel. Hvenær var farið að beina athyglinni að gestaþjóðum?*

„Það var hugmynd Peter Weidhaas sem var stjórnandi bókamessunnar í Frankfurt í fjölda ára að tengja markaðinn ákveðnum þemum eða löndum. Hann reið á vaðið árið 1976 með hálfa heimsálfu – Suður-Ameríku – og átti óneitanlega sinn þátt í því að bókmenntir þeirra landa slógu í gegn í Evrópu. Hann bauð meðal annars argentínska rithöfundinum Julio Cortázar sem þá var í útlegð í París. Weidhaas segir í ævisögu sinni, sem kom út í Frankfurt í fyrra, frá því þegar sendiherra herstjórnarinnar heimsótti hann og vildi að hann hætti við að bjóða Julio Cortazar og byði Jorge Luis Borges í staðinn.“

*Af hverju?*

„Af því hann hafði fagnað herforingjastjórninni. (Afstaða sem Borges síðan sneri frá, aths. HB). En hann hélt sínu striki og tók á móti Cortazar. Þegar Weidhaas kom heim að lokinni bókamessunni hafði íbúð hans verið snúið á hvolf og dekkin á bíl hans sundurstungin.“



MYND/HELGA BREKKAN

### Heiðursgestirnir borga

Þegar hann setti indverskar bókmenntir í sviðsljósið árið 1986 var hann á undan sínum tíma og misheppnaðist átakið. Eftir það var ákveðið að láta gestalöndin borga sjálf fyrir þátttöku og einnig ákveða sjálf hvaða höfunda þau sendu. Ítalía var fyrst árið 1988 og síðan hefur þátttaka landanna orðið svolítil blanda af bókmennta-, menningar- og landkynningu.“

Hvers vegna?

„Það var deilt um það hvaða rithöfunda ætti að senda og sumir fóru út í katalónskan þjóðernisrembing. Að lokum ákvað katalónska undirbúningsnefndin að senda aðeins þá sem skrifa bara á katalónsku. Það féll ekki í góðan jarðveg því það eru katalónskir rithöfundar sem skrifa á kastilísku sem féllu þá út úr prógramminu.“

*Hverjir?*

„Til dæmis Eduardo Mendoza og Carlos Ruiz Zafón. Forstjóri bókamarkaðarins í Frankfurt, Jurgen Boos, gagnrýndi þetta við opnunina. Og í lokaathöfninni varði forstjóri katalónsku menningarstofnunarinnar, Josep Bargalló, ákvörðun sína enn einu sinni. Hann sagði að þeir höfundar sem skrifuðu á spænsku hefðu mun fleiri möguleika til þess að koma verkum sínum á framfæri.

En annars gekk allt mjög vel í Frankfurt og þetta var mikil og góð auglýsing fyrir bæði katalónskar og spænskar bækur. Frankfurt er auðvitað ekkert annað en risastórt markaðstorg fyrir bókabransann.“

### Heima á Spáni

En frá Frankfurt og hingað til Spánar, hvaða bækur gefið þið út hér hjá Alba Editorial?

„Mitt takmark hefur verið að koma sígildum verkum á markað fyrir alla. Að það sé jafn sjálfsagt að lesa sígilda höfunda eins og sjálfshjálparbók eða glæpasögu. Ég held að fólk í dag sé miklu opnara og eigi auðveldara með að fara á milli tegunda. Við viljum færa sígildar bókmenntir út úr hinum akademíska heimi til hins almenna lesenda. En um leið leggjum við mikla áherslu á fallegar og listrænar kápur. Bókaútgáfa er í raun andstæða sjálfrar sín. Allt á að ganga hratt í okkar neyslusamfélagi og seljast hratt og í stóru upplagi en um leið er lestur hægur og persónulegur og verður að fá að taka tíma. Við í bransanum reynum að finna milliveg en verðum líka að gefa út matreiðslubækur og dreifa með tímaritum o.s.frv. til þess að fá inn peninga.

En ef ég væri ekki að gefa út þessar sígildu bækur og þróa athyglisverð verkefni sem ég trúi að auki þroska og lífsgleði lesendanna, þá veit ég ekki hvort ég gæti hugsað mér að vera áfram í bókaútgáfu. Lesendur okkar gera einnig kröfur og fylgjast vel með og það gleður okkur auðvitað. Það tekur tíma að byggja upp traust og tengsl en þegar það er komið eru þeir tryggir og kaupa bækurnar sem við gefum út.“

Ég kveð Paulinu hjá Alba og held út í katalónska sól og á göngunni sé ég mann sitja á gangstétt – að lesa bók.


BANG & OLUFSEN
www.bang-olufsen.com
Síðumúla 21, Reykjavík. Sími 581 1100.
SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

# *Skapandi skrif:*
# ER INNBLÁSTUR HANDAN KENNSLU Í HANDV

**Kennsla í skapandi skrifum er gamalt deiluefni í bókaheiminum og sjálfshjálparbækur og netið bæta þar enn við.**

BÓKMENNTIR
SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR


Ian McEwan

„Ertu þá næstum búinn með skáldsöguna?“ spurði konuefni JG Ballards hann þegar þau voru að kynnast og hann sagði henni að hann væri að skrifa skáldsögu. „Nei, en ég er næstum byrjaður,“ var svarið. Ballard rifjar þetta upp í nýrri sjálfsævisögu sinni, „Miracles of Life“, þar sem hann fjallar um hvernig hann fór að skrifa sem ungur maður á 6. áratugnum: hann byrjaði á smásögum og seldi í bandarísk tímarit sem birtu vísindasögur – á þeim tíma voru gefin út yfir tuttugu slík tímarit í Bandaríkjunum.

Ballard (f. 1930) á óvenjulegan feril að baki. Hann lagði grunninn að nýjum tóni í vísindaskáldsögum, fetaði sig yfir í annars konar skáldsögur og hefur síðar skrifað metsölubækur af ýmsu tagi sem sumar þykja auk þess með bestu bókum undanfarinna áratuga. „Ballardar“ nútímans fara oftast öðru vísi að, leggja gjarnan stund á bókmenntir í háskóla – og kannski allra líklegast að þeir taki próf í skapandi skrifum.

Þegar kennsla í skapandi skrifum fór að ryðja sér til rúms varð það viðloðandi deiluefni í bókaheiminum hver áhrifin yrðu á bókmenntirnar. Þar er ekkert einhlítt svar en áhrif á nemendurna eru að án efa skerpir kennslan skilning þeirra á sjálfu handverkinu, gefur þeim tækifæri til að spreyta sig undir leiðsögn, eflir sjálfstraustið ef vel gengur og aflar þeim sambanda. En þarna spretta kannski síður höfundar sem ryðja nýjar brautir. Bandaríski rithöfundurinn Mary Flannery O'Connor (1925-1964) sagðist oft spurð „hvort háskólar hefti rithöfunda. Mín skoðun er að þeir hefti ekki nógu marga þeirra“.

### Þekktir„skriftakennarar“

Sextíu milljónir króna í árslaun eru ekkert undrunarefni lengur í fjármálageiranum en margir göptu þegar það fréttist í vetur að rithöfundurinn Martin Amis (f. 1949) hefði verið ráðinn upp á þau býti sem prófessor í skapandi skrifum við Háskólann í Manchester. Fjölmiðlar fóru auðvitað strax að reikna út hvað hver kennslustund yrði þá dýr, ljóst að kennsluskyldan átti ekki að íþyngja honum.

Hvort sem talan stenst eða ekki er ljóst að háskólar bjóða vel í menn eins og Amis, sem er líka kunnur fyrir að álíta sig eiga skilið góðar greiðslur ekki síður en bankamenn. Deilurnar um tilgang eða tilgangsleysi slíkrar kennslu hófust í Englandi þegar rithöfundurinn Malcolm Bradbury (1932-2000) kom á MA-námi í skapandi skrifum við Háskólann í East Anglia á sjöunda áratugnum. Bradbury gat sér góðan orðstír fyrir eigin skriftir en þó einkum fyrir kennsluna.

Ian McEwan (f. 1948) var fyrsti nemandi Bradburys og hefur gengið vel æ síðan. Árið 1983 valdi tímaritið Granta í fyrsta skipti tíu bestu bresku ungu höfundana og í þeim hópi var McEwan. Hann vann Booker-verðlaunin 1988 fyrir skáldsöguna „Amsterdam“ og kvikmyndin „Atonement“, byggð á bók hans sem kallast Friðþæging í íslenskri þýðingu, eflir nú enn frægð hans. Kazuo Ishiguro (f. 1954) er annar Booker-verðlaunaður nemandi Bradburys.

Þeir sem tortryggja kennslu í skapandi skrifum benda gjarnan á bækur McEwans sem dæmi um „kennslustíl“: bækur hans séu áferðarfallegar og bragðlausar. Aðdáendur hans segja velgengni hans skapa öfund.

Andrew Motion (f. 1952), nú einnig lárviðarskáld Breta, tók við af Bradbury þegar hann hætti 1995. Motion er áberandi í opinberri umræðu og East Anglia-háskólinn enn eftirsóttur í faginu. Birkbeck College í London er nokkurs konar öldungadeild á háskólastigi, þykir veita góða menntun á mörgum sviðum og þá einnig í skapandi skrifum. Amis hefur alla burði til að gera það gott fyrir nemendur sína í Manchester.

### East Anglia-mafían

Það er mikill misskilningur að meta áhrif kennslunnar í skapandi skrifum eingöngu í frægum höfundum sem þar ungast út. Þeir sem hrekjast af ritvellinum verða oft áhrifamenn í bókaútgáfu og fjölmiðlum og þannig hefur farið um marga nemendur frá East Anglia.

Í breskum bókaheimi er því oft talað um East Anglia-bókamafíuna sem hampi sínu fólki hikstalaust. Hinn umdeildi McEwan er enn og aftur nefndur sem dæmi um höfund sem hafi á þennan hátt notið góðs af náminu á sínum tíma – og aftur svara aðdáendur hans að þetta sé bara öfund.

Þau sambönd sem námið fæðir af sér gilda að sjálfsögðu um aðra skóla en East Anglia. Þekktir höfundar skapa orðstír deildanna en nemendur sem dreifast í áhrifastöður tengdar bókaheiminum ýta undir svo námið og kynnin sem þau veita halda áfram að nýtast um ókomin ár.

Helstu persónur og leikendur í tískuheiminum og listaheiminum sækja útskriftarsýningar þekktustu hönnunar- og listaskólanna til að finna nýja hæfileikafólkið. Skapandi skrif veita ekki færi á sýningum en umboðsmenn og útgefendur rækta samböndin við deildirnar í leit að næsta McEwan og sækja þangað ábendingar sem kræfir kennarar eru auðvitað meira en fúsir að veita.


Kristín Ómarsdóttir skáldkona að vinnu í vinnustofu sinni. MYND/ANTON

### Sjálfsþurftarbúskapur úr bókum

Samhliða æ fleiri kennslustöðum í skapandi skrifum hefur orðið til kennslubókaútgerð í sama efni, margar auðvitað skrifaðar af kennurum í faginu eða þeim sem hafa sótt þangað kennslu. Þó hugtakið skapandi skrif vísi oftast til listrænna skrifa veita stærri deildir, ekki síst við bandaríska háskóla, líka kennslu í því að koma frá sér bókum sem stefna ekki á viðurkennd verðlaun heldur bara sölu – og sama er með „skriftabækurnar“.

En til að ná sölu þarf bókin að fást útgefin. Til að hún fáist útgefin þarf að lokka umboðsmann til að taka hana að sér og til að það gerist þarf að kunna tökin á að ná athygli þeirra. Um þetta eru líka til bækur. „Your Writing Coach: From Concept to Character, from Pitch to Publication“ eftir Jurgen Wolff nær yfir allt ferlið, alveg frá því að þróa bókarhugmynd og persónur yfir í að egna fyrir umbana og fá bókina útgefna.

Wolff er Bandaríkjamaður með langt ritskott bóka, leikrita og skrifa fyrir útvarp og sjónvarp. Hann er raunsær og rifjar upp þrautagöngu JK Rowling (f. 1965) til að fá Harry Potter útgefinn en Wolff er heldur ekki að skrifa fyrir ritspírur sem dreymir um að verða næsti Laxness eða Joyce heldur fyrir þá sem vilja lifa þokkalegu lífi af skriftum.

Enska skáldið David Morley stefnir hærra í „The Cambridge Introduction to Creative Writing“. Hann kennir fagið við háskólann í Warwick, notar O'Connor-tilvitnunina hér að ofan, er á því að lestur góðra bóka sé forsenda góðra skrifa – engin hraðleið til í þeim efnum – og að þeir frumlegu finni nýjar leiðir í stað þess að feta þær troðnu.

### Netið: viskubrunnur og samfélag

Eins og í öðrum efnum er netið óþrjótandi uppspretta þegar kemur að skapandi skrifum. Leitin getur til dæmis byrjað á því að slá inn „skapandi skrif“ á vef Háskóla Íslands og þaðan má sigla hraðbyr á íslenskar og erlendar netslóðir. Og auðvitað ausa bæði Wolff og Morley af visku sinni og vísindum á netinu.

„Writers' Yearbook“ var í áratugi biblía þeirra sem voru að leita fyrir sér um útgáfu í Bretlandi. Bókin birti bæði leiðbeiningar um hvernig væri best að snúa sér hvort sem menn væru með handrit að ljóðabók, leikrit, skáldsögu eða annað í handraðanum. Netið hefur löngu tekið yfir þetta hlutverk.

Makalaus vefsíða af þessu tagi er www.everyonewhosanyone.com þar sem höfundur að nafni Gerard Jones hefur í mörg ár rakið baráttu sína fyrir að finna útgefanda að skáldsögu sinni, „Ginny Good“. Í leiðinni hefur hann safnað saman nöfnum 1.300 umboðsmanna og útgefenda, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi, og þeim miðlar hann á síðunni, oft með athugasemdum um viðskipti sín við viðkomandi.

Nám í skapandi skrifum gefur skrifandi fólki tækifæri til að bera saman bækur sínar. Víða á netinu eru vefsíður sem veita færi á að tengjast öðrum í sömu hugleiðingum. Skriftahópar af öllu tagi eru víða til, bæði nettengir eða að menn hittast í alvörunni og ræða verk hver annars. „Poetry Café“ í Covent Garden í hjarta London er samastaður „The Poetry Society“ en líka opið hverjum sem er.

### Handbragð og innblástur

Stef Penney (f. 1969) vann Costa-bókmenntaverðlaunin 2006 fyrir fyrstu skáldsögu sína „The Tenderness of Wolves“. Bókin er spennusaga sem gerist í óbyggðum Kanada á 19. öld og náttúrulýsingar hennar og upplifun öræfanna þótti sterk. Það vakti því undrun þegar hún rakti í viðtölum að bókin væri skrifuð í bresku þjóðarbókhlöðunni og að hún hefði aldrei komið til Kanada. Aðrir bentu á að kjarninn í að skrifa vel væri auðvitað hæfileikinn til að fá lesandann til að trú textanum.

„A Novel in a Year: A Novelist's Guide to Being a Novelist“ eftir rithöfundinn Louise Doughty (f. 1963) er samsafn greina sem Doughty



# ERKINU?

skrifaði í ár í enska blaðið Daily Telegraph um hvernig hún skrifaði bók. Um leið er bókin kennslubók í skrifum en hún varar reyndar lesendur við í upphafi að titillinn standist ekki alveg: fylgi þeir leiðbeiningunum hafi þeir að ári í höndunum efni sem þeir geti haldið áfram að vinna í bók.

Andstætt aðferð Penney leggur Doughty mikla áherslu á að verðandi höfundar fari í vettvangskannanir og leggist í lestur. Sá sem ætlar að skrifa um líf slökkviliðsmanna verður að bruna með þeim í útkall. Sá sem skrifar um dómara á að sitja lon og don í réttarsölum og lesa málskjöl.

Þessi afstaða er ríkjandi í ýmsum skrifkúrsum og skilar sér æ oftar í viðtöl við rithöfunda þar sem spurning um heimildavinnu skýtur oft upp. Þeir sem hafa þessa ofurtrú á innlifun og aðföng klóra sér væntanlega í hausnum yfir orðum Gustave Flaubert þegar hann sagðist vera frú Bovary.

Tracy Chevalier (f. 1962), frægust fyrir „Stúlkuna með perlueyrnalokkinn“ segir að nám í skapandi skrifum – í East Anglia – hafi kennt sér að leysa ýmis tæknileg vandamál. Mikið af texta snúist til dæmis um að færa persónu úr einum stað í annan. Franska skáldinu Paul Verlaine (1844-1896) fannst greinilega að slíkt væri aldrei hægt að gera nógu vel: hann sagðist ekki geta hugsað sér að skrifa setningu eins og „Greifinn gekk að dyrunum“ – og hélt sig við ljóðlistina.

## Einvera og úthald

Það þarf ekki annað en að renna augunum yfir gamlar og nýjar bækur í bókaverslunum heimsins til að átta sig á að það er auðvitað bilun að ætla sér að bæta um betur eða bara bæta í safnið með því að skrifa fleiri bækur. Kennsla í skapandi skrifum hefur vísast leitt einhverja af villu síns vegar. Oft er sagt að aðeins þeir sem geti ekki látið það vera eigi að skrifa.

Í allri bókaflórunni um skapandi skrif er líka að finna viðtalsbækur við höfunda sem gefa oft frábæra mynd af margvíslegum vinnubrögðum höfunda. „How I Write: The Secret Lives of Authors“, eftir Dan Crowe og Philip Oltermann er nýtt safn greina sextíu rithöfunda, þar á meðal Jonathan Franzen (f. 1959), Jeffrey Eugenides (f. 1960) og Will Self (f. 1961) um vinnubrögð – og þau eru ólíkari en svo að hægt sé að fella þau undir eitt námskeið.

Íslenska dæmið um slíka bók er „Sköpunarsögur“ Péturs Blöndals þar sem hann ræðir við tólf íslenska rithöfunda um vinnubrögð þeirra og verk. Sígildu bækurnar um þetta efni eru óviðjafnanleg viðtöl í „The Paris Review“ sem rithöfundurinn og leikarinn George Plimpton (1927-2003) gaf út í París eftir stríð. Úrval þeirra kom síðan út í nokkrum bindum og nú er verið að gefa út fjögurra binda úrval þeirra auk þess sem viðtölin má finna á netinu (http://www.parisreview.com/literature.php).

Nám byggist á samveru, viðveru og félagsskap en viðtöl við rithöfunda sýna að skriftir verða til í einveru. Úthald í slíka einveru er tæplega hægt að kenna, hvað þá að læra. Ein sínotaðasta tilvitnunin um þennan þátt skriftanna eru orð Kingsley Amis (1922-1995): „listin að skrifa felst í að halda buxnabotninum á stólsetunni.“

# NORNIRNAR OG NIÐ

Í dag er fluttur á Rás 1 fyrsti þáttur leikgerðar eftir sögu Roald Dahl, Nornirnar. Framhaldsleikritið verður flutt næstu fimm sunnudaga kl. 15. Með helstu hlutverk fara Hanna María Karlsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir. Tónlist samdi Máni Svavarsson. Á eftir hverjum þætti á listakona einleik, þar sem hún kuklar í hljóðvarp, ein í einu. Þær eru fimm: Ingibjörg Magnadóttir myndlistarmaður, Ásdís Sif Gunnarsdóttir myndlistarmaður, Kristín Eiríksdóttir skáld og myndlistarmaður, Rikke Houd útvarpslistamaður og Kristín Björk Kristjánsdóttir (Kira Kira) tónlistarmaður. Þær flétta hver sinn þáttinn, þar sem textar, raddir, tónlist, viðtöl og hljóð renna saman. Á vaðið ríður Ingibjörg Magnadóttir myndlistarmaður kl. 15.35 í dag: „Þín augu eru spegill sálar minnar“, sálfræðilegur galdur fléttaður örleik og predikun. Ingibjörg er þekkt fyrir framsækna gjörninga sem daðra við leikhús.

Útvarpsleikhúsið er lagst í kukl og kallar á nornir sér til hjálpar.




**Tilraunadeiglu ungra listakvenna fylgir framhaldsverkinu næstu fimm vikur. Fyrsta listakonan sem hrærir í deiglunni er Ingibjörg Magnadóttir.**



# VATNSMÝRI 102 REYKJ

Verðlaunatillagan sem valin var úr yfir hundrað hugmyndum um Vatnsmýrarsvæðið er önnur tillaga ***Graeme Massie***, ***Johanna K. Irander*** og ***J. Pierre-Descoursa*** um mikilvægt framtíðarsvæði þéttbýlis á Íslandi. Massie átti líka verðlaunatillögu um miðbæinn á Akureyri fyrir fáum árum. Tillagan sameinar ýmsa kunnuglega þætti úr eldri byggð í Reykjavík, byggir hverfi í kringum breiðgötu sem tekur við af Lækjargötu, Fríkirkjuvegi og Sóleyjargötu og nær til sjávar að Nauthóli. Hin forna hugmynd Einars Benediktssonar um framþróun Kvosarinnar í suður er loks komin á blað.

SKIPULAG PÁLL BALDVIN BALDVINSSON




Þegar borgarfulltrúar kynntu tillöguna og gerðu grein fyrir störfum dómnefndar í alþjóðlegri keppni um Vatnsmýrarsvæðið á fimmtudag mátti finna djúpa gleði í framgöngu þeirra og samhug. Ekki er gert ráð fyrir að aðalskipulagi Reykjavíkur verði breytt fyrst um sinn og flugvellinum verði komið fyrir fyrr en eftir 2016. Kapp er best með forsjá. En tillagan sem bar sigurorð af 135 öðrum hugmyndum í keppninni er eins og dómnefndin lýsti framkvæmanleg í nokkrum áföngum. Margir munu líta hýru auga til hverfis lágra einbýlishúsa á svæðinu milli litla og stóra Skerjafjarðar eða geta hugsað sér heimili í blokkum milli Valssvæðisins og Hótel Loftleiða með sínum lokuðu görðum, bílastæðakjöllurum og verslunarrekstri við ofanbyggð súlnagöng á jarðhæð. Þá er í tillögunni gert ráð fyrir stórum hverfum, atvinnuhúsnæði suðvestur af Landspítalalóðinni í beinu framhaldi af nýja sjúkrahússvæðinu. Það rétt eins og útmörk háskólasvæðisins við hús Íslenskrar erfðagreiningar og lóð hins unga háskóla í Reykjavík er til marks um að hlutar hinnar nýju tillögu eru þegar komnir í brúk. Hér á opnuninni og næstu síðu eru nokkrar myndir sem gefa til kynna hvað höfundar hins nýja Vatnsmýrarskipulags sjá fyrir sér. Þeir eru til sem halda því fram að bygging í Vatnsmýrinni sé ekki á dagskrá, hún sé framtíðarmúsík: tillagan sannar að þetta er viðfangsefni sem stjórnvöld verða að taka með í reikninginn hér og nú.

**1. ÁFANGI** **Myndin sýnir byggingar við Suðurgötu og er horft suðaustur í átt að Keili sem glittir í við enda götunnar. Litið er til svæðisins í kringum Háskóla Íslands sem fyrsta áfanga í þessu nýja skipulagi. Hugmyndin um þríhyrning í öllu svæðinu sem markast af nýju sjúkrahúsi, Háskólanum í Reykjavík og Háskóla íslands er sterkur grunnur hins nýja svæðis.**

**2. ÁFANGI** **Tillöguhöfundar líta Tjarnarsvæðið nokkuð öðrum augum en hér hefur tíðkast lengi, kunna að meta gildi vatnasvæða í miðborg, enda fátítt að opin vatnasvæði finnist í borgum og eru í miklum hávegum þar sem þau eru. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun á Hljómskálagarðinum og að hann teygi sig yfir Hringbrautina, sem fari í stokk á móts við litlu tjörnina og komi upp við Njarðargötu, og tengist þannig við friðaða svæðið sunnan við gamla sparkvöllinn, sem nú er bílastæði, hjá Norræna húsinu.**



**Horft frá suðurenda nýju tjarnarinnar í átt að Þingholtum og yfir í Öskjuhlíð.**



VÍFILFELL

# Öflugur bókari - Vífilfell

Vífilfell óskar eftir að ráða öflugan bókara til starfa. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf sem felst í færslu bókhalds, afstemmingum og innheimtustörfum.

Ef þú hefur reynslu af bókhaldsstörfum, tölur leika í höndunum á þér og þú hefur ríka þjónustulund, þá gæti þetta verið tækifærið þitt!

Um fullt starf er að ræða en einnig er möguleiki að þetta verði tvö 50% störf.

Vífilfell er framsækið fyrirtæki sem leggur áherslu á góðan starfsanda og létt og þægilegt andrúmsloft

**Starfssvið:**
- Færsla bókhalds
- VSK - uppgjör
- Ferðauppgjör
- Afstemmingar
- Innheimta og samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Góð almenn menntun
- Góð reynsla af bókhaldsstörfum
- Talnagleggni
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Afburðahæfileikar í samskiptum

TALENT RÁÐNINGAR

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | talent@talent.is | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

the PIER

The PIER er alþjóðleg verslunarkeðja í eigu LAGERSINS ehf.

The PIER rekur 50 verslanir í Bretlandi og hefur nýverið opnað glæsilega verslun við Smáratorg á Íslandi. Á þessu ári mun verslunum the PIER fjölga, en framundan er opnun tveggja verslana til viðbótar á Íslandi þ.e. í Reykjavík og á Akureyri auk 10 verslana víðsvegar í Evrópu.

Félagið er í eigu LAGERSINS ehf., sem er eignarhaldsfélag Rúmfatalagersins og SMI ehf., sem er alþjóðlegt fasteignafélag með starfsemi á Íslandi, Færeyjum, Lettlandi, Litháen, Rúmeníu og Búlgaríu.

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# Verslunarstjóri the PIER á AKUREYRI

## Við leitum að öflugum stjórnanda til að annast rekstur nýrrar verslunar The PIER, sem opnuð verður í maí nk. við Glerártorg á Akureyri

Verslunarstjóri mun annast;

* Daglegan rekstur verslunarinnar.
* Starfsmannahald og stýringu verkefna.
* Aðkomu að innkaupum og samskipti við viðskiptavini .
* Annað það er fellur undir ábyrgð verslunarstjóra.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi marktæka þekkingu og reynslu af sviði verslunarreksturs. Áhersla er lögð á framúrskarandi leiðtoga-, stjórnunar- og skipulagshæfileika, lipurð í mannlegum samskiptum, frumkvæði og metnað til árangurs í starfi. Enskukunnátta er nauðsynleg.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir hjá STRÁ MRI, gudny@stra.is,** svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu **www.stra.is.**

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

VEGAGERÐIN

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

# VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra vinnuflokka Vegagerðarinnar hjá framkvæmdadeild með aðsetur á Akureyri er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Starfssvið**
- Umsjón með rekstri vinnuflokka
- Skipulagning og samræming verkefna
- Kostnaðarlegt og tæknilegt uppgjör
- Skýrslugerð
- Vinna við viðhaldsstjórnunarkerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- BS próf í verk- eða tæknifræði
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

DHL

Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 70 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

# VILTU BREYTINGAR?

DHL er leiðandi fyrirtæki á alþjóðlegum flutningamarkaði. Fyrirtækið óskar eftir að bæta við sig starfsmönnum í spennandi og krefjandi störf.

## Þjónustufulltrúi

**Starfssvið**
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini fyrirtækisins
- Eftirfylgni sendinga
- Sala virðisaukandi þjónustu

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af þjónustustörfum æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Haldgóð tölvuþekking
- Afburða þjónustulund, falleg framkoma og samskiptahæfni

## Viðskiptastjóri símasölu

**Starfssvið**
- Samskipti, þjónusta og sala til núverandi og mögulegra viðskiptavina DHL
- Stjórnun viðskiptatengsla
- Ráðgjöf, tilboðs- og samningagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf skilyrði
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Metnaður og árangursdrifni
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Elkem

Íslenska járnblendifélagið ehf. er dótturfyrirtæki norska fyrirtækisins Elkem AS, en það er alþjóðlegt fyrirtæki með höfuðstöðvar í Noregi. Elkem er leiðandi fyrirtæki í heiminum í framleiðslu á ýmsum málmum og málmblendi. Fyrirtækið hefur starfsemi í Evrópu, Asíu, Suður Afríku og Suður og Norður Ameríku.

Þetta er afbragðs tækifæri til þess að taka þátt í uppbyggingu og þróun fyrirtækis þar sem fullkomnasta tækni sem völ er á er notuð til þess að leysa krefjandi verkefni.

# ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

Íslenska járnblendifélagið á Grundartanga leitar að starfsmanni í starf þjónustufulltrúa í sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins.

**Starfssvið**
- Móttaka og frágangur pantana ásamt reikningagerð
- Samskipti við innlenda og erlenda viðskiptavini
- Samskipti við söludeildir og umboðsmenn fyrirtækisins erlendis
- Skipulagning og eftirlit með flutningi á vörum fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf
- Reynsla af bókhaldsvinnu, inn- eða útflutningi er kostur
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kunnátta í þýsku og/eða Norðurlandamáli er kostur

**Almennar kröfur sem gerðar eru til allra starfsmanna**
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Vilji til samvinnu og samstarfs í teymum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að vinna að stöðugum endurbótum

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Aðstoðarmaður bæjarverkstjóra

565334
Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða aðstoðarmann bæjarverkstjóra.

Í starfinu felst að hafa umsjón með starfsmönnum sem heyra undir bæjarverkstjóra, eftirlit með verkframkvæmdum, sinna stofnunum bæjarins, ýmis verkefni tengd áhaldahúsi bæjarins og önnur fjölbreytt störf sem heyra undir bæjarverkstjóra.

Leitað er að ábyrgðarfullum aðila, sem er sveigjanlegur og getur brugðist við og leyst úr vandamálum sem upp geta komið. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum en jafnframt ákveðinn og rökfastur. Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 08:00-17:15 og föstudaga frá kl. 08:00-16:00. Ráðið verður í starfið strax.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

# KREFJANDI STÖRF
## HJÁ FRAMSÆKNU FYRIRTÆKI Í ALÞJÓÐLEGU UMHVERFI

Actavis Group, móðurfélag Medis, er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 11 þúsund eintaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að vera í fremstu röð samheitafyrirtækja.

Actavis Group óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:

### Verkefnastjóri í skráningadeild fyrir eigin vörumerki

**Starfið tilheyrir** skráningarsviði Actavis Group og felur í sér undirbúning við innsendingu skráningarumsókna í nafni Actavis innan og utan Evrópusambandsins. Verkefnastjóri er í miklum samskiptum við skráningarfólk Actavis víðsvegar um heiminn, safnar saman upplýsingum um skráningastöðu verkefna og styður við skipulagningu á markaðssetningu nýrra vara.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun á sviði raunvísinda, reynsla af skráningavinnu er kostur. Gerð er krafa um nákvæmni, sjálfstæði og góða ensku- og tölvukunnáttu.

### Ritari í skráningadeild fyrir eigin vörumerki

**Starfið tilheyrir** skráningarsviði Actavis Group og felur í sér aðstoð við undirbúning vegna innsendinga á skráningarumsóknum í nafni Actavis innan og utan Evrópusambandsins. Í því felst m.a. útgáfustýring á skráningagögnum og aðstoð við öflun gagna vegna skráningaumsókna, frágangur á gögnum sem og önnur tilfallandi verkefni.

**Leitað er að** einstaklingi með stúdentspróf og góða ensku- og tölvukunnáttu. Gerð er krafa um nákvæmni, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Reynsla af skráningavinnu er kostur.

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Hjá Medis er markvisst unnið að sókn inn á ný markaðssvæði og nýverið hafa verið ráðnir starfsmenn erlendis sem sinna munu viðskiptum félagsins í Asíu, Mið-Austurlöndum og í Suður-Ameríku.

Medis óskar eftir að ráða sérfræðinga í eftirtalin störf:

### Sérfræðingur - Business Development

**Starfið felur í sér** sölu og samningagerð á lyfjatengdu hugviti og lyfjum til viðskiptavina Medis erlendis, samskipti við umboðsmenn og dótturfélög erlendis, tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini og leit að nýjum viðskiptatækifærum.

**Leitað er að** einstaklingi með háskólamenntun á sviði lyfjavísinda eða hliðstæða menntun. Starfsreynsla á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta er kostur.

### Sérfræðingur - Customer Service

**Starfið felur í sér** samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu, þ.e. móttaka og afgreiðsla pantana, ásamt tilheyrandi eftirfylgni og stuðningi við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis.

**Leitað er að** einstaklingi með með góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli, þekking á fleiri tungumálum er kostur. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun og/eða starfsreynslu þar sem reynt hefur á nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð. Góð tölvukunnátta er mikilvæg.

**Leitast er við að ráða starfsfólk sem:**
- sýnir metnað í hverju því sem það innir af hendi
- sýnir viðskiptavinum fyrsta flokks þjónustulund
- leggur áherslu á samvinnu
- ber virðingu fyrir auðlindum sínum og sýnir hagkvæmni í daglegum störfum
- hefur nægan sveigjanleika til að geta gripið tækifærin sem því gefast
- sýnir framsækni og lætur hlutina gerast

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Ertu hugmyndaríkur matreiðslumaður?

Geysir shops í Haukadal óskar eftir metnaðarfullum, drífandi og líflegum matreiðslumanni sem hefur áhuga á að taka þátt í uppbyggingu á nýjum stað. Fyrirhugað er að breyta staðnum í veitingastað þar sem Íslendingum og erlendum ferðamönnum verður boðið upp á íslenskan mat jafnframt því að veita hraða og góða þjónustu.

**Starfssvið:**
- Virk þátttaka í uppbyggingu á nýjum veitingastað í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Matreiðsla
- Umsjón með daglegum rekstri
- Starfsmannamál

**Hæfniskröfur:**
- Matreiðslumenntun og/eða mikil reynsla af matargerð
- Reynsla af starfsmannamálum og stjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Góð tungumálakunnátta

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is

# Óskum eftir kröftugu starfsfólki

í verslun okkar í Kringlunni

Í boði er fullt starf og hlutastarf

**Hæfniskröfur:**
Góð þjónustulund
Lipurð í mannlegum samskiptum
Frumkvæði og dugnaður

Umsóknir sendist á netfangið helga@ntc.is

Kultur menn

NTC hf | Laugavegi 91 | s. 512 1700

---

VEGAGERÐIN

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.
Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

# VÉLAMAÐUR
## REYÐARFIRÐI

Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinna á Reyðarfirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

**Starfssvið**
- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

FJARSKI -traust fjarskiptasamband

# VERKEFNASTJÓRI LJÓSLEIÐARALAGNA

Fjarski ehf. er dótturfélag Landsvirkjunar og hefur það hlutverk að eiga og reka fjarskiptakerfi sem nýtt er til fjarstýringa og fjarvöktunar á raforkukerfinu. Ásamt því býður Fjarski aðilum á fjarskiptamarkaði sambönd og aðstöðuleigu á fjarskiptastöðvum víða um land.

Nánari upplýsingar um Fjarska er að finna á www.fjarski.is

Fjarski leitar eftir öflugum starfsmanni sem mun sinna starfi verkefnastjóra ljósleiðaralagna. Viðkomandi situr í verkefnastjórn og vinnur náið í samvinnu við framkvæmdastjóra, tæknirekstrarstjóra, ráðgjafa og verktaka fyrirtækisins.

**Starfssvið**
- Val á lagnaleiðum ljósleiðara
- Samskipti við hönnunaraðila
- Samningagerð við land- og aðstöðueigendur
- Umsjón með leyfismálum í samvinnu við skipulagsyfirvöld
- Vinna við gerð útboðsgagna og samningagerð
- Samskipti og eftirlit með verktökum
- Frágangur og skjölun við lok framkvæmda
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verkfræðingur, tæknifræðingur eða rafeindavirki með þekkingu á fjarskiptakerfum
- Þekking á verkefnastjórnun
- Reynsla af vinnu við hönnun, uppsetningu eða rekstur fjarskiptakerfa eða annara lagnakerfa eða byggingaframkvæmda
- Reynsla af vinnu við teikniforritum, svo sem Autocad, Microstation, Visio er kostur
- Skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með störfunum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Byggingastjóri

Óska eftir að ráða byggingarstjóra með víðtæka reynslu af húsbyggingum.

***Upplýsingar í síma 897 5307***

## KÓPAVOGSBÆR

### Forstöðumaður upplýsingatæknideildar

*Undir upplýsingatæknideild heyrir rekstur og umsjón tölvukerfa Kópavogsbæjar og innkaup vél- og hugbúnaðar sem tengist tölvukerfum. Deildin ber einnig ábyrgð á rekstri og þjónustu við símkerfi bæjarins, gagnaflutningum að og frá bæjarkerfinu, milli stofnana bæjarins og gerð fjárhagsáætlana á starfssviði deildarinnar.*

*Forstöðumaður er yfirmaður starfsmanna við kerfisumsjón hjá Kópavogsbæ. Hann ber ábyrgð á daglegum rekstri miðlægs tölvukerfis Kópavogsbæjar, rekstri tölvunets og útstöðva, sér um notendaþjónustu vegna tölvubúnaðar í bæjarkerfinu, uppsetningu búnaðar, viðhald og viðgerðir og hefur samskipti við þjónustuaðila vegna aðkeyptrar þjónustu á þessum sviðum. Upplýsingatæknideild gegnir veigamiklu þjónustuhlutverki í rekstri bæjarkerfisins.*

**Á verksviði forstöðumanns er m.a. eftirfarandi:**
- Ábyrgð og umsjón með rekstri tölvukerfa bæjarins
- Stjórnun starfsmanna í kerfisumsjón
- Umsjón með öryggiskerfum
- Uppsetning og rekstur miðlægs búnaðar
- Skipulagning nethögunar og fjarskipta
- Skipulagning notendaþjónustu
- Samhæfing tölvumála stofnana bæjarins
- Ráðgjöf um upplýsingatækni við deildir og stofnanir bæjarins
- Umsjón með innkaupum á tölvubúnaði, tölvurekstrarvörum og þjónustu vegna tölvukerfa
- Umsjón með rekstri aðalsímkerfis bæjarins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærilegum greinum er skilyrði
- Reynsla af uppbyggingu og rekstri stórra tölvukerfa nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Rík áhersla er lögð á þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Björnsson, skrifstofustjóri stjórnsýslusviðs í síma 570 1600.
Umsóknir með ferilskrá sendist á netfangið ***starfsmannastjori@kopavogur.is*** fyrir 25. febrúar 2008.

***www.kopavogur.is***



Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri:
„Velkomin í öflugan, samheldinn og faglegan hóp iðnaðarmanna!"

# Rafeindavirki - Rafvirki - Vélvirki

## Við óskum að ráða rafeindavirkja til starfa í dagvinnu, rafvirkja á vaktir og í dagvinnu og vélvirkja í dagvinnu hjá Norðuráli á Grundartanga.

**Hvaða kröfur gerum við?**
- Sveinspróf í viðkomandi iðngrein eða að umsækjandi stefni í sveinspróf innan árs
- Áhugi, góð samskiptahæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Reynsla af vinnu í iðnaðarumhverfi eða við sambærileg störf er æskileg
- Kunnátta í ensku og almennri tölvunotkun kemur í góðar þarfir

**Hvað veitum við?**
Við bjóðum þér traust og gefandi starf hjá nútímalegu fyrirtæki. Þú vinnur mikilvæg verk með góðu samstarfsfólki og við tökum vel á móti þér. Verkefnin eru fjölbreytt og felast m.a. í viðhaldi, bilanaleit, endurnýjun og endurbótum á vél- og rafbúnaði Norðuráls, með aukinni áherslu á fyrirbyggjandi viðhald.

- Starfsþjálfun og símenntun
- Nýtt mötuneyti á staðnum
- Atvinnuöryggi, traustar tekjur og laun að hluta árangurstengd
- Fyrirtækið greiðir þér aukið framlag í lífeyrissjóð

Hjá Norðuráli starfar öflugt starfsmannafélag sem stendur reglulega fyrir ýmsum áhugaverðum uppákomum.

**Nánari upplýsingar veita:**
Einar F. Björnsson, viðhaldsstjóri, og Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í síma 430 1000.

**Hvernig sækir þú um?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 25. febrúar n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Rafeindavirki/rafvirki/vélvirki, eftir því sem við á.

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafeindavirkjar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Fréttastofa Stöðvar 2 leitar að fréttamönnum til afleysinga allt árið. Einnig vantar fréttamenn til afleysinga í sumar.

**Umsækjendur þurfa:**
- að hafa góða þekkingu á íslensku samfélagi og brennandi áhuga á málefnum líðandi stundar
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- að vera öruggir í framkomu
- að vera færir í mannlegum samskiptum
- að geta unnið undir álagi

Reynsla af fréttamennsku er æskileg en ekki skilyrði.

Vinsamlegast sendið inn umsókn gegnum vef www.365midlar.is - Um 365 – Störf hjá 365 – Fréttamenn

## Viltu slást í hóp öflugustu fréttamanna landsins?

**Í boði er áhugaverð vinna á skemmtilegum vinnustað í stöðugri sókn**

365

**365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.**

# Íslenska Gámafélagið auglýsir eftir vönum bílstjóra með meirapróf

*Nauðsynlegir eiginleikar:*
Jákvætt hugarfar, kraftur, nákvæmni og vilji til að gera betur í dag en í gær.



ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
sími 577 5757

Umsóknir sendist á helga@gamur.is fyrir 22. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Helga Fjóla Sæmundsdóttir, starfsmannastjóri.



Rafmagnsverkfræðingar - Rafmagnstæknifræðingar

# Rafveitustjóri óskast til starfa

## hjá Norðuráli á Grundartanga

**Verksvið og ábyrgð**
Rafveitustjóri ber ábyrgð á uppbyggingu, endurnýjun og rekstri rafdreifikerfis álversins, bæði háspennu- og miðspennukerfis, auk afriðlakerfis og tilheyrandi hjálpar- og stjórnbúnaði. Hann er faglegur umsagnaraðili um ýmislegt er snertir lágspennuveitu álversins.

Rafveitustjóri sér um samskipti við raforkufyrirtæki og Landsnet, birgja, ráðgjafa og verktaka, auk þess að vera ábyrgðarmaður veitunnar gagnvart opinbrum aðilum. Hann ber ábyrgð á að þekking og kunnátta til daglegs reksturs dreifikerfisins sé til staðar hjá fyrirtækinu, svo og viðbúnaðaráætlun til að bregðast við rekstrartruflunum, bæði í aðveitu og dreifikerfi Norðuráls.

**Hvaða kröfur gerum við?**
Við leitum að rafmagnsverkfræðingi eða tæknifræðingi með nokkurra ára starfsreynslu, helst í rekstrarumhverfi orkuveitna. Rafiðnfræðingur með staðgóða þekkingu á rekstri sambærilegra kerfa kemur einnig til greina.

**Aðrar hæfniskröfur**
- Metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Hæfni til að kenna, leiðbeina og þjálfa
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í hóp
- Góð enskukunnátta, bæði á töluðu og rituðu máli

Rafveitustjóri tilheyrir verkfræðideild Norðuráls og heyrir starfið undir framkvæmdastjóra tækni- og umhverfissviðs.

Nánari upplýsingar veita Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs og Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri stafsmannasviðs, í síma 430 1000.

**Hvernig sækir þú um?**
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 10. mars n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is eða póstlagt umsóknina merkta: Rafveitustjóri.

**Jafnrétti**
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

**Trúnaður**
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á fimmta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, rafeindavirkjar, rafvirkjar, vélvirkjar, vélstjórar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

---

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

## Sölufulltrúi SKO

Sölufólk óskast í úthringiverkefni á kvöldin. Góð laun og sveigjanlegur vinnutími. Reynsla af sölustörfum ekki nauðsynleg.
Umsóknir skulu sendar á **arnar@sko.is.**

---

## SECURITY GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this postion is February 24, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

---

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

## *Yfirmaður í eldhúsi*

**Leikskólinn Öldukot óskar eftir að ráða yfirmann í eldhús.**

Öldukot er tveggja deilda leikskóli staðsettur á Öldugötu 19. Vinnutími er á bilinu 8:15 - 16:15.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- nám á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Upplýsingar gefur Svana Kristinsdóttir, leikskólastjóri í síma 551-4881 eða 693 9817.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

## Sjúkraþjálfari

**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík auglýsir eftir sjúkraþjálfara til starfa.**

Um er að ræða afleysingar í 10 mánuði í fullu starfi. Möguleiki er á áframhaldandi starfi á svæðinu eftir að afleysingu lýkur.
Unnið er bæði við öldrunarsvið og göngudeildar meðferðir.
Starfið er mjög fjölbreytt og vinnuaðstaða góð.
Laun samkvæmt kjarasamningi BHM.
Einnig er möguleiki á verktakavinnu.

Nánari upplýsingar veittir Fanney Pálsdóttir sjúkraþjálfari í síma 456-7248/ 864-4474 (fanney@vestfirdir.is)

Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík Miðstræti 19, 415 Bolungarvík **fyrir 1. mars**.
Öllum umsóknum verður svarað þegar, ráðning hefur verið ákveðin.

## Yfirlæknir Heilbrigðisstofnunarinnar Bolungarvík

**Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík auglýsir lausa afleysingastöðu yfirlæknis við stofnunina.**

Um er að ræða 100% stöðu (H1) frá apríl 2008 - 31. ágúst 2009.
Laun eru samkvæmt samningi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Íris Sveinsdóttir, yfirlæknir, sími: 456-7287, netfang: iris.sveinsdottir@vestfirdir.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist Þresti Óskarssyni forstjóra, netfang: throstur@fsi.is **fyrir 1. mars**.
Öllum umsóknum verður svarað þegar, ráðning hefur verið ákveðin.

# Launafulltrúi

Sjóvá leitar að launafulltrúa í 50% starf til að ganga til liðs við öflugan hóp starfsmanna.

Við leitum að talnaglöggum, nákvæmum og skipulögðum einstaklingi sem getur starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Í boði er sveigjanlegur vinnutími.

Starfssvið: Ábyrgð á launaútreikningum og greiðsla á launum og launatengdum gjöldum. Afstemmingar launaliða, upplýsingagjöf til starfsfólks og önnur verkefni.
Hæfniskröfur: Góð reynsla af launaútreikningum ásamt góðri tölvufærni er skilyrði. Reynsla af bókhaldi og SAP launakerfinu er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa Bjarnadóttir, mannauðsstjóri í síma 440 2323. Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á starfsumsokn@sjova.is merktar „Launafulltrúi" fyrir 24. febrúar.

**Sjóvá er leiðandi félag sem leggur metnað sinn í að tryggja verðmætin í lífi fólks. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn að eflast og þróast í starfi.**

SJÓVÁ | KRINGLUNNI 5 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 440 2000 | FAX 440 2020 | SJOVA.IS | SJOVA@SJOVA.IS

SJÓVÁ

# Útibússtjóri Landsbankans á Húsavík

Landsbankinn

## Starf útibússtjóra við Landsbankann á Húsavík er laust til umsóknar

Við óskum eftir kraftmiklum og árangursdrifnum einstaklingi til að stýra útibúi bankans á Húsavík. Verksvið útibússtjóra er að hafa yfirumsjón með rekstrinum, m.a. hvað varðar arðsemi og áhættustjórnun auk þess að stýra markaðssókn útibúsins. Stefnt er að framúrskarandi árangri hvað snertir þjónustu við viðskiptamenn, framlegð starfsmanna, starfsþróun og starfsánægju.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Stjórnunarreynsla og/eða fjölbreytt starfsreynsla
- Góð þekking á atvinnurekstri og efnahagslífi
- Framúrskarandi samkiptahæfileikar, víðsýni og þægilegt viðmót
- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða haldgóð reynsla af bankastörfum

Nánari upplýsingar veita Atli Atlason, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs, í síma 410 7904 og Bergþóra Sigurðardóttir, forstöðumaður á starfsmannasviði, í síma 410 7907.
Umsóknir sendist á starfsumsokn@landsbanki.is fyrir 26. febrúar nk.

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana. Í anda sóknar og útrásar hefur bankinn byggt upp starfsstöðvar í 17 löndum víðs vegar um heiminn.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum. Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

ÍSLENSKA/SIA.IS/LBI 41171 02/08


# Ertu að leita?

www.radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
Persónuleg og fagleg þjónusta

Laugavegi 170 • 105 Reykjavík • Sími 588 7700



## SKAPANDI STARF, ÍÞRÓTTIR, ÚTIVIST OG SAMSKIPTI VIÐ BÖRN Í SKEMMTILEGU STARFSUMHVERFI

Frístundamiðstöðin Gufunesbær í Grafarvogi leitar eftir jákvæðu, duglegu og áhugasömu starfsfólki á öllum aldri með fjölbreyttan bakgrunn til starfa á frístundaheimilum fyrir 6-9 ára börn og í frístundaklúbbi fyrir 10-16 ára börn og unglinga með fötlun.

Starfsmenn Gufunesbæjar vinna á sviði íþrótta og tómstunda og eru lykillinn að því að veita íbúum fyrsta flokks þjónustu. Frístundamiðstöðin Gufunesbær leggur áherslu á að starfsfólki líði vel og að það þróist í starfi.

Í boði eru almenn störf og stuðningsstörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi á eftirtöldum stöðum:

| | |
|---|---|
| Regnbogaland við Foldaskóla | sími: 695-5192 |
| Simbað sæfari við Hamraskóla | sími: 695-5193 |
| Tígrisbær við Rimaskóla | sími: 695-5196 |
| Ævintýraland við Korpuskóla | sími: 695-5191 |
| Frístundaklúbburinn Höllin | sími: 695-5189 |

**Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst**

Hægt er að sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is, nánari upplýsingar veitir deildarstjóri barnastarfs, Þóra Melsted thora.melsted@reykjavik.is s. 520 2300.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is

# Verkefnisstjóri nýframkvæmda



**MOSFELLSBÆR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA VERKEFNISSTJÓRA TIL AÐ STÝRA MIKILLI UPPBYGGINGU SKÓLA-, ÍÞRÓTTA- OG MENNINGARMANNVIRKJA Í MOSFELLSBÆ. UM ER AÐ RÆÐA SPENNANDI OG UMFANGSMIKIÐ STARF NÆSTU ÞRJÚ ÁRIN.**

**STARFSSVIÐ:**

- Verkefnastjórnun.
- Umsjón og hönnunarstjórn nýframkvæmda.
- Þróun og mótun nýrra verkefna.
- Útboðs- og samningagerð.
- Samskipti við hönnuði, verktaka og stjórnsýslustofnanir.

**KRÖFUR UM MENNTUN OG HÆFNI:**

- Háskólamenntun á sviði verk-, tækni- eða viðskiptafræði.
- Reynsla af verkefnisstjórnun umfangsmikilla verkefna æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Gott vald á íslensku máli.
- Leiðtogahæfni og sannfæringarkraftur.
- Frumkvæði, áræðni og markssækni.
- Sveigjanleiki og metnaður til að ná árangri.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

capacent RÁÐNINGAR

MOSFELLSBÆR

Mosfellsbær er ört stækkandi bæjarfélag með rúmlega 8000 íbúum. Alls staðar er stutt í ósnortna náttúru og fallegt umhverfi. Í Mosfellsbæ er blómlegt íþrótta-, tómstunda- og menningarlíf, auk þess státar bæjarfélagið af öflugu skólastarfi. Sveitarfélagið stefnir að því að vera í fararbroddi við uppbyggingu skóla.

WWW.MOS.IS

BÆJARÚTGERÐIN A3 / HGM

# Starf óskast

Kona á besta aldri óskar eftir atvinnu. Hef tölvu- & skrifstofunám. Er vön almennum þjónustustörfum. Get hafið störf fljótlega.

***Áhugasamir sendið póst á netfangið box@frett.is merkt „starf óskast".***

Icelandexcursions GRAY LINE ICELAND

Iceland Excursions Allrahanda óskar eftir að ráða bifeiðastjóra með rútupróf til aksturs hópferðabifreiða og strætisvagna: Við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um! Um framtíðarstörf er að ræða.

Allar nánari upplýsingar eru í síma:
***540 1303 / 660 1303***

Eða netfang:
***runar@ruta.is***

Einnig má sækja um á:
***www.ruta.is/atvinnuumsókn***

Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi. Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.



# Tölvunarfræðingar LINUX / AIX umhverfi

**Flugstoðir ohf. óska eftir að ráða öfluga einstaklinga í störf tölvunarfræðinga hjá kerfisdeild fyrirtækisins.**

## Starfssvið

Kerfisdeild sér um rekstur tölvukerfa í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Deildin sér einnig um þjálfunarumhverfi. Tölvukerfi flugstjórnarmiðstöðvarinnar eru m.a. fluggagnakerfi og ratsjárkerfi. Bæði þessi kerfi eru með rauntímaupplýsingar um flugumferð á Íslandi og Norður Atlantshafi.

Helstu verkefni felast m.a. í uppsetningu, eftirliti og viðhaldi kerfa. Í starfinu felst einnig fyrirbyggjandi viðhald, greining bilana og ákvörðun viðbragða við þeim. Viðkomandi mun einnig koma að forritun vegna viðhalds kerfa í notkun, þarfagreiningu vegna nýrra verkefna, gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerðar og mati á umfangi verkefna, uppsetningu og prófunar á hugbúnaði og fleiri spennandi verkefnum. Starfið er ýmist unnið á dagvöktum eða á virkum dögum.

## Hæfniskröfur

Við gerum kröfu um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Reynsla af LINUX og TCP/IP netumhverfi er æskileg. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenskri og enskri tungu. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi frumkvæði í starfi, góða samskiptahæfileika, sé skipulagður í verkum sínum og geti unnið undir álagi.

## Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Hauksson, deildarstjóri og Ingunn Ólafsdóttir starfsmannastjóri síma 424-4000.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist starfsmannahaldi Flugstoða ohf.,Turni, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík, fyrir 25. febrúar nk., eða í tölvupósti á shard@flugstodir.is.

**Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugstoða ohf., www.flugstodir.is**

**Öllum umsóknum verður svarað.**

FLUGSTOÐIR ISAVIA

Flugstoðir ohf. er opinbert hlutafélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstoðum ohf. starfa um 230 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar - og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður - Atlantshafi. Flugstoðir ohf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

# Viltu starfa hjá OMX

## við hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkaðinn?




**Vegna stóraukinna verkefna leitar OMX Broker Services á Íslandi nú að öflugum og jákvæðum einstaklingum í spennandi verkefni við þróun og þjónustu Libra hugbúnaðar.**

### Hugbúnaðarþróun

*Starfssvið*

- Greining, hönnun og forritun á Libra hugbúnaði

*Hæfniskröfur*

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af SQL, .NET og Visual Basic æskileg
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Hugbúnaðarþróun“

### Prófanir

*Starfssvið*

- Ábyrgð á prófunum á Libra hugbúnaði
- Þróun á sjálfvirkum prófunum
- Skipulagning kerfisprófana
- Þróun prófanatilvika
- Prófanir á Libra hugbúnaði

*Hæfniskröfur*

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla á .NET, SQL og Visual Basic æskileg
- Brennandi áhugi á gæðum hugbúnaðar
- Öguð og skipulögð vinnubrögð
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Prófanir“

### Verkefnastjórn

*Starfssvið*

- Greining og ráðgjöf á Libra vörum
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Verkefnastjórn í þróun lausna

*Hæfniskröfur*

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræða, verkfræði eða sambærileg menntun
- Þekking á fjármálaumhverfi er kostur
- Þekking og/eða reynsla af hugbúnaðargerð fyrir fjármálamarkað er kostur
- Öguð og skipulögð vinnubrögð

Vinsamlegast merkið umsóknina „OMX – Verkefnastjórn“

### Nánari upplýsingar

Vinsamlega sendið starfsumsókn í tölvupósti á netfangið jon.pall.jonsson@omxgroup.com fyrir 1. mars. Nánari upplýsingar veitir Jón Páll Jónsson í síma 595 8715.

Á starfsstöðvum okkar í Kópavogi og á Akureyri starfar samhentur hópur sérfræðinga sem af áhuga glímir við flókin verkefni sem tengjast vörunum okkar. Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu og með markvissri endurmenntunaráætlun erum við stöðugt að læra eitthvað nýtt. Okkur tekst að samþætta fjölskyldulíf og vinnu með því að bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma.

Vörurnar okkar eru í stöðugri notkun hjá 9 af 10 stærstu fjármálafyrirtækjum landsins.

OMX Nordic Exchange gegnir hlutverki miðlægrar gáttar að fjármálamörkuðum á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum til að auka áhuga, tækifæri og fjárfestingu á öllu svæðinu. OMX er alþjóðlegur vinnustaður og er með starfsemi í Ástralíu, Kanada, Kína, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Hong Kong, Íslandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Noregi, Singapúr, Svíþjóð, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Bretlandi og Bandaríkjunum. Nánari upplýsingar er að finna á **www.omxgroup.com**.

OMX Broker Services á Íslandi er hluti af hugbúnaðardeild OMX sem selur, þróar og þjónustar eigin hugbúnað, s.s.WIZER og Libra Securities fyrir verðbréfamarkaðinn, Libra Loan fyrir lánamarkaðinn og Libra Pension fyrir lífeyrismarkaðinn. Hjá hugbúnaðardeild OMX starfa um 130 manns, þar af 37 á Íslandi, með mikla reynslu og þekkingu á starfsemi fjármálamarkaða á Norðurlöndum.

Libra hugbúnaður

OMX

PIPAR • SÍA • 80283

OMX Broker Services ehf. • Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur • Sími 595 8700 • Fax 595 8701

# THE BODY SHOP

Kringlunni • Smáralind • Akureyri

## Akureyri: Snyrtivörur

Óskum eftir að ráða förðunarfræðing eða menneskju með þekkingu og áhuga á förðun í 60-70% starf í verslun The Body Shop, Hafnarstræti 99-101, Akureyri.

Æskilegt er að umsækjendur séu 20 ára eða eldri, hafi reynslu af verslunarstarfi, áhuga á náttúrulegum innihaldsefnum og snyrtivörum almennt.

Umsóknum óskast skilað til Ragnhildar Sigurðardóttur verslunarstjóra sem fyrst.

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar**

**Leitað er eftir:**
- Leikskólakennurum
- Þroskaþjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- ‘ Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Foldaborg, Frostafold 33, sími 567-3138
Grænaborg, Eiríksgötu 2, sími 551-4470
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585
Sólbakki, Stakkahlíð 19, sími 552-2725

**Leikskólasérkennari /þroskaþjálfi/atferlisþjálfi**
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660
Tjarnarborg, Tjarnargötu 33, sími 551-5798

**Aðstoðarmaður í eldhús**
Engjaborg, Reyrengi 11, sími 587-9130

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannaþjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á www.leikskolar.is. Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Fríhöfnin ehf.

**Sumarafleysingastörf**







## Spennandi vinnustaður í alþjóðlegu umhverfi

Fríhöfnin ehf. óskar eftir að ráða sumarstarfsfólk í dagvinnu sem og vaktavinnu í verslun fyrirtækisins, bæði hluta- og heilsdagsstörf. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf fyrir 1. júní n.k. Í boði eru afleysingastörf, bæði til þriggja og sex mánaða.

Störfin felast í afgreiðslu og áfyllingum í verslun. Við leitum að reyklausum, snyrtilegum og þjónustuliprum einstaklingum.

Einnig leitum við að starfsfólki á lager en unnið er í dagvinnu og er meirapróf æskilegt.

**Hæfniskröfur:**

- Rík þjónustulund
- Tungumálakunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni
- Sveigjanleiki
- Aldurstakmark 20 ár

Nýir umsækjendur fá stutta undirbúningsþjálfun áður en starf hefst.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Fríhafnarinnar á þriðju hæð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og á heimasíðu Fríhafnarinnar www.dutyfree.is

Ljósmynd skal fylgja með umsókn. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar um starfið veitir starfsþróunarsvið í síma **425 0432** fyrir hádegi. Tölvupóstfang: **thorunn@fle.airport.is**

FRÍHÖFNIN
KEFLAVÍKURFLUGVELLI

HORNAFJÖRÐUR

## HJÚKRUNARFRÆÐINGAR ÓSKAST

Hjúkrunarfræðingur óskast á hjúkrunar- og sjúkradeild Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands, Höfn í Hornafirði. Um er að ræða fastar stöður og sumarafleysingar.

Hjúkrunar- og sjúkradeild HSSA er 28 rúma deild sem skiptist í 24 langlegurými og 4 sjúkrarými fyrir t.d. bráðainnlagnir og sængurkonur.

Unnið er á tvískiptum vöktum morgun- og kvöldvöktum með bakvakt um nætur.

Starfið er fjölbreytt þar sem sjúklingahópurinn er mjög breiður og áhugaverður. Heilbrigðisstofnunin sinnir Austur Skaftafellssýslu, sem nær frá Öræfum í vestri til Hvalness í austri. Sýslan er víðferm og straumur ferða-manna mikill allan ársins hring.

Á Höfn er blómlegt mannlíf, barnvænt umhverfi, góð aðstaða til útivistar, íþrótta- og tómstundariðkana. Tveir leikskólar, einsetinn grunnskóli, tónskóli og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu.

Við leitum að áhugasömum hjúkrunarfræðingi sem er tilbúinn í að takast á við ný og spennandi verkefni.

Mjög góð laun í boði, góður starfsandi, flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga.

Allar nánari upplýsingar veitir Ásgerður K. Gylfadóttir, hjúkrunarstjóri á hjúkrunarsviði í símum 478 2321 og 896 6167 netfang asgerdur@hssa.is

1908 2008
Hafnarfjörður hundrað ára

## STARF Í TÖLVUDEILD

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða forritara í tölvudeild. Næsti yfirmaður er deildarstjóri tölvu-deildar.**

**Starfssvið:**
- Hugbúnaðarþróun vefsetra og almennra tölvukerfa samkvæmt kröfulýsingu
- Þátttaka í daglegri umsjón kerfa, gagnagrunna og vefsetra s.s. framsetning efnis, aðgangsstýringar og rekstur gagnagrunna
- Almenn notendaþjónusta við starfsmenn

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólanám í tölvunarfræði, sambærileg menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af almennri vefforritun sem og .NET umhverfinu
- Þekking og reynsla af gagnagrunnum og gagnavinnslu s.s. úr MS-SQL, Oracle og DB2
- Starfsreynsla af rekstri vefsetra æskileg
- Þekking og reynsla af Unix/Linux, Windows, Ex change, IIS er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og frumkvæði jafnframt því að geta unnið sjálfstætt og undir álagi

Tölvukerfi Hafnarfjarðarbæjar samanstendur af Windows, Linux og Cisco ásamt AS400/i5. Notenda-hugbúnaður er fjölbreyttur og fjöldi vefsetra eru rekin innan kerfisins.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Með vísan í jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

**Umsjón með ráðningu:**
Sigurður Barði Jóhannsson - sbj@hafnarfjordur.is
Umsóknafrestur til og með:
29. febrúar 2008

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# VANTAR ÞIG SMIÐI?...

**..múrara, pípara, járnabindingamenn, eða aðra starfsmenn?**

Höfum menn á skrá sem óska eftir mikilli vinnu.
Geta hafið störf nú þegar.

proventus
Traust starfsmannaþjónusta

sverrir@proventus.is **Sími 661 7000**

## Ferðaþjónusta að Lundi í Öxarfirði

**Spennandi tækifæri í rekstri**

Sveitarfélagið Norðurþing auglýsir til leigu aðstöðu fyrir ferðaþjónustu að Lundi í Öxarfirði í Norður - Þingeyjarsýslu. Í Lundi er mötuneyti og heimavist sem hefur um árabil verið leigt út til ferðaþjónustu frá vori og fram á haust. Á staðnum er sundlaug og íþróttahús. Þegar liggur fyrir nokkuð af bókunum vegna komandi sumars.

Lundur er staðsettur í fallegu skógi vöxnu umhverfi og liggur við þjóðveg 85. Umferð til og frá Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn liggur um staðinn. Í nágrenni Lundar eru vinsælir ferðamannastaðir s.s. Þjóðgarðurinn við Jökulsárgljúfur (6 km), Mývatn og Húsavík. Vaxandi sumarhúsabyggð er á svæðinu. Tilvalið tækifæri fyrir metnaðarfulla einstaklinga með áhuga á ferðaþjónustu.

Tilboð í leigu og áform um rekstur óskast send á skrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík, eða á elisabet@nordurthing.is, fyrir 29. febrúar 2008. Einnig fást nánari upplýsingar hjá Elísabetu, aðstoðarmanni sveitarstjóra, í síma 4646125.




## Sólheimar óska eftir að ráða stuðningsfulltrúa:

- Viltu vinna í fallegu og notalegu umhverfi?
- Viltu vinna í góðum félagsskap?
- Viltu vinna í vinnulotum, vinna í eina viku (gist á staðnum) og eiga frí í eina viku (heima)?
- Hefur þú áhuga á og færni í mannlegum samskiptum?

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með góða almenna menntun sem vill og getur tekið að sé spennandi og krefjandi starf. Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Valdís í síma: 480-4414 eða 861-9657 á milli kl. 8 og 17 virka daga.

**E-mail: valdis@solheimar.is**

Sólheimar eru sjálfbært byggðahverfi í Árnessýslu. Á Sólheimum er m.a. félagsþjónusta, garðyrkjustöð, skógræktarstöð, gistiheimili, verslun með helstu nauðsynjavörur, listhús og sex verkstæði sem vinna að listsköpun og endurvinnslu. Ennfremur kaffihús, höggmyndagarður, kirkja, sundlaug og umhverfissetrið Sesseljuhúsi.

Sólheimar ses. - 801 Selfoss
www.solheimar.is - Sími 480-4400

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## LAUS STAÐA GARÐYRKJUFRÆÐINGS

Reykjanesbær auglýsir lausa stöðu garðyrkjufræðings.

Í Reykjanesbæ hefur átt sér stað mikil uppbygging í ræktun garða og opinna svæða undanfarin ár og er áhugi bæjarbúa á garðrækt mikill. Lögð er áhersla á að skapa fallegt umhverfi í grónum hluta bæjarfélagsins auk þess sem mikið er um uppbyggingu nýrra hverfa og svæða sem þarf að rækta og fegra.

Helstu verkefni garðyrkjufræðings eru: umsjón með umhverfismálum, gróðursetning og framtíðarskipulagning gróðursvæða og eftirlit með öðrum verklegum framkvæmdum auk samstarfs við vinnuskóla og áhugafélög um skógrækt og umhverfismál. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar.

Gerð er krafa um sveinspróf í garðyrkju og haldgóða reynslu af verklegum framkvæmdum bæjarfélaga. Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Jóhannes Sigurðsson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar í síma 896 1721 og Guðrún Þorsteinsdóttir starfsþróunarstjóri í síma 421 6700.

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, merktar Garðyrkjufræðingur fyrir 29. febrúar nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað eftir að ráðið hefur verið í starfið.

**Starfsþróunarstjóri.**



Umhverfis- og skipulagssvið

••• reykjanesbaer.is



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað.

Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

# Launafulltrúi

Marel óskar að ráða launafulltrúa. Um er að ræða fullt starf þar sem megin starfssvið felst í almennri launavinnslu auk starfa í bókhaldi:

**Starfssvið:**

- skráning launa, launaútreikningar, breytingar á launaupplýsingum
- upplýsingagjöf til starfsmanna um laun, orlof og önnur launatengd réttindi
- umsjón og leiðrétting á tímaskráningu
- önnur tilfallandi verkefni s.s. skýrslugerð og launayfirlit

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- góð reynsla af launavinnslu og launauppgjöri er skilyrði
- góð þekking á uppbyggingu launa og innsýn í vinnutengd réttindi er skilyrði
- reynsla af vinnu í H3-Launum eða öðru launakerfi er skilyrði
- góð kunnátta í bókhaldskerfi, s.s. Axapta eða sambærilegu er æskileg
- góð kunnátta í Excel er mjög mikilvæg
- góð enskukunnátta er nauðsynleg

*Frekari upplýsingar um starf launafulltrúa veitir Kristín Ragnarsdóttir, kristin@marel.is í síma 563-8128.*

*Sækja skal um störfin á heimasíðu Marel, www.marel.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2008. Fullum trúnaði er heitið gagnvart umsækjendum.*

RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel food systems

1912

# Duglegir lagermenn óskast

1912 ehf. leitar að duglegum lagerstarfsmönnum.

STARFSSVIÐ
- Vörumóttaka
- Tilltekt á pöntunum
- Vöruafgreiðsla
- Öll almenn lagerstörf

HÆFNISKRÖFUR
- Reynsla af lagerstörfum skilyrði
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Heiðarleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og miklir samskiptahæfileikar
- Reglusemi og reykleysi
- Hreint sakavottorð skilyrði

Vinnutími er alla virka daga frá kl. 7 eða vaktir kl. 14-23 mánud. – fimmtud.

Umsjón með ráðningu: Hanna Dóra Haraldsdóttir, starfsmannastjóri – hdh@1912.is
Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar 2008.

1912 ehf. er móðurfyrirtæki Nathan & Olsen hf. og Ekrunnar ehf., en þau eru leiðandi fyrirtæki á sviði sölu og dreifingar á matvælum.

www.1912.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 41156 02/08

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Hlíðaskóli

**Lausar stöður:**

- Táknmálstúlkur í 100% stöðu.
- Kennari á táknmálssviði í 80 - 100% stöðu. Þarf að hafa gott vald á táknmáli.

Upplýsingar gefur Kristrún G. Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 552 5080 eða 664 8225

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Hamraskóli

**Laus störf:**
- Skólaliði í 80% starf frá 1. mars.
- Sérkennari/kennari, þroskaþjálfi eða atferlisþjálfi til að vinna með nemanda með sérþarfir.

Upplýsingar veita Sigurlaug S. Svavarsdóttir aðstoðarskólastjóri (netfang: sigurlaugs@hamraskoli.is, sími: 664 8201) og Yngvi Hagalínsson skólastjóri (netfang: yngvih@hamraskoli.is, sími 664 8200)

**Hamraskóli**
s. 567 6300

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Okkar rannsóknir allra hagur

www.matis.is

matís

# Skapandi Krefjandi Bragðgott

Matís er matvælarannsóknafyrirtæki sem starfar á þremur sviðum: vinnslu og vöruþróun, líftækni (Prokaria) og matvælaöryggi. Hjá Matís starfa tæpleg 100 manns á sjö stöðum á landinu.

Starfsmaður þarf að sýna frumkvæði, sjálfstæði og vandvirkni í vinnubrögðum, lipurð í mannlegum samskiptum og metnað til að ná árangri í starfi.

Starfsstöð á Höfn

## Sérfræðingur í vöruþróun

Starfssvið
Vinna að eflingu matarferðamennsku á landsvísu með áherslu á Suðausturland auk annarra vöruþróunarverkefna.

Í starfinu felst m.a.
• Þróa hugmyndir að staðbundinni matvöru. • Vinna með samstarfsaðilum í matarferðamennsku á Suðausturlandi. • Efla verkefni í tengslum við atvinnulíf á svæðinu. • Hönnun og þróun á vinnsluferlum.

Hæfniskröfur
Háskólamenntun á tengdum sviðum, svo sem matvælafræði, verkfræði, líffræði eða sjávarútvegsfræði. Reynsla að vöruþróun er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður verði búsettur á Suðausturlandi.

Nánar um matarferðamennsku á www.matis.is/matarferdamennska

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar

Nánari upplýsingar veitir
Ingibjörg S. Sigurðardóttir í síma 422 5000

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, skal senda til:

Matís ohf. • Borgartún 21 • 105 Reykjavík
eða til: ingibjorg.s.sigurdardottir@matis.is

fsa



## GEISLAFRÆÐINGUR

Laus er til umsóknar staða geislafræðings við myndgreiningardeild Sjúkrahússins á Akureyri. Starfshlutfall er 100% í dagvinnu auk bakvaktaskyldu. Næsti yfirmaður geislafræðinga er yfirgeislafræðingur.

Umsækjendur skulu hafa fullgild réttindi sem geislafræðingur. Auk fagþekkingar er lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta og samvinnu. **Staðan veitist frá 1. apríl 2008, eða eftir nánara samkomulagi.**

Myndgreiningardeild FSA er fjölbreyttasti vinnustaður sinnar tegundar á landinu, með rannsóknabúnað á 9 rannsóknastofum. Um er að ræða almennan röntgenbúnað (CR), stafrænt skyggnitæki, ómbúnað, ísótópatæki, brjóstamyndatökubúnað, DEXA-beinþéttnimæli, spiral-tölvusneiðmyndatæki og segulómtæki. Nýtt tölvusneiðmyndatæki af fullkomnustu gerð verður keypt á árinu, nýr beinþéttnimælir bíður uppsetningar og verið er að undirbúa kaup á alstafrænum, almennum röntgenbúnaði (DR). Deildin hefur verið filmu- og pappírslaus síðan í maí 2006 og er því alstafræn.

Nánari upplýsingar veitir Elvar Örn Birgisson, yfirgeislafræðingur, Sjúkrahúsinu á Akureyri, í síma 895-5646 eða tölvupósti elvar@fsa.is.

Starfskjör fara eftir kjarasamningi Kjalar og fjármálaráðherra eða félags geislafræðinga og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2008. Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað, á þar til gerðum eyðublöðum sem fást á skrifstofu sjúkrahússins eða http://www.fsa.is/, til Starfsmannaþjónustu Sjúkrahússins á Akureyri Eyrarlandsvegi, 600 Akureyri eða á netfang bjarnij@fsa.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Við ráðningar í störf við FSA er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins.

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með þér!

HAGVANGUR
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS




Vegna opnunar nýrra verslana í **Hafnarfirði** og á **Akureyri** leitar Europris að starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- **Verslunarstjóri**
- **Aðstoðarverslunarstjóri**
- **Afgreiðslufólk**
- **Kvöld- og helgarstarfsfólk**

Vinsamlegast hafið samband við **skrifstofu Europris** Lynghálsi 4, eða í síma **533 3366**

**Europris**



# Ævintýri alla daga

**Leikskólinn Ösp, Iðufelli 16 óskar eftir að ráða deildarstjóra, þroskaþjálfa, leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun og reynslu.**

**Leikskólinn Ösp** er þriggja deilda leikskóli í Breiðholtinu þar sem unnið er með hugmyndafræði heiltækrar skólastefnu, fjölmenningu og jákvæð samskipti.

*Verið velkomin í heimsókn í leikskólann Ösp eða hafið samband við Svanhildi Hákonardóttur leikskólastjóra í síma 557-6989 eða 693-9819.*

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

# Deildarstjóri

**HÝSING**

*Hýsing sér um allt lagerhald á vörum viðskiptavina sinna. Í því felst meðal annars tollafgreiðsla, móttaka, meðhöndlun, lagerhald og afgreiðsla. Markmið Hýsingar er að þjónusta viðskiptavini sína á öruggan, fljótvirkan og áreiðanlegan hátt með því að bjóða framúrskarandi alhliða þjónustu fyrir sérvörur, allt frá móttöku til afhendingar, þ.m.t. að gera vöruna tilbúna til sölu á réttum tíma í réttu magni.*

## Hýsing - vöruhótel óskar eftir að ráða deildarstjóra til starfa. Viðkomandi mun vera staðgengill rekstrarstjóra í fjarveru hans.

**Starfssvið**
- Umsjón með bókunum og verðbreytingum
- Leiðréttingar á vörumóttökum
- Afstemmingar á vörureikningum
- Aðstoð við starfsmenn vegna vinnsluaðferða og meðhöndlunar
- Samskipti við innlenda birgja og viðskiptavini
- Önnur fjölbreytt og tilfallandi skrifstofustörf

Vinnutími er kl. 8.00 – 16.30.

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Navison æskileg
- Góð enskukunnátta
- Frumkvæði og góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að vinna undir álagi

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 25. febrúar nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, netfang: elisabetsa@hagvangur.is

**HAGVANGUR**
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

# Öflugur launafulltrúi

**Við leitum að talnaglöggum, nákvæmum og skipulögðum einstaklingi sem getur starfað sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi sem þessu. Mikil áhersla er lögð á röggsemi, sveigjanleika, þjónustulund og samskiptahæfni.**

## Stórt fyrirtæki leiðandi á sínu sviði á höfuðborgarsvæðinu leitar að öflugum launafulltrúa.

**Starfssvið**
- Ábyrgð á launaútreikningum
- Greiðsla á launum og launatengdum gjöldum
- Afstemmingar vegna launaliða
- Upplýsingagjöf til starfsfólks
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Góð reynsla af launaútreikningum skilyrði
- Þekking á kjarasamningum
- Góð tölvukunnátta

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf þar sem náið samstarf er við aðra starfsmenn. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 24. febrúar nk.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir. Netfang: rannveig@hagvangur.is

**HAGVANGUR**
*- við ráðum*

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • www.hagvangur.is**

# TRÉSMIÐIR

## Ans óskar að ráða smiði til starfa

**Íslenska**

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af utanhúss-klæðningum og innveggjum. Næg verkefni framundan á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi.

**English**

Ans wants to hire experienced carpenters, especially in the field of interior walls and exterior cladding. Many exciting projects ahead in Reykjavik and surroundings.

**Polski**

Firma Ans chętnie zatrudni doświatczonych stolarzy, zwłaszcza pracujących przy wykończeniu wewnętrznej jak również zewnętrznej cześci ścian (cladding). Firma posiada wiele fascynujących planów, projektów związanych z bliska przyszłością. Plany te obejmuja Reyjkavik jak również okolice stolicy.

**Um Ans**

Ans er ungt og vaxandi fyrirtæki sem starfar á sviði verklegra framkvæmda. Við leggjum ríka áherslu á fagmennsku og ábyrgð í starfi. Félagið tekur virkan þátt í hönnunar- og ákvörðunarferli verkkaupa með það að leiðarljósi að byggja upp betra samfélag með öflugri sköpun. Starfsmenn eru um 100 og velta á síðasta ári á 3ja miljarð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ívar Þ. Þórisson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, í síma **552 1920** eða á netfangið **ivar@ans.is**.



ans

- Öflug sköpun til betri framtíðar

**Ans ehf.**

Brákabraut 27
310 Borgarnesi
Sími: 437 2380
Fax: 437 2381

Þverholti 11
105 Reykjavík
Sími: 552 1920
ans@ans.is

**www.ans.is**

---

VERKÞJÓNUSTA KRISTJÁNS ehf.

## VERKFRÆÐINGAR - TÆKNIFRÆÐINGAR

Verkþjónusta Kristjáns óskar eftir að ráða til starfa verk-fræðinga eða tæknifræðinga á sviði verkefnisstjórnunar og framkvæmdaeftirlits.

**Helstu starfssvið eru** verkefnisstjórnun, umsjón og eftirlit með byggingaframkvæmdum og viðhaldi eldri mannvirkja.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu á þessu sviði, færni í mannlegum samskiptum, sveigjanleika og góða kunnáttu í framsetningu á íslensku máli við lausn fjölbreytilegra verkefna.

Verkþjónusta Kristjáns er tuttugu ára fyrirtæki með mikla reynslu í verkefnisstjórnun og eftirliti með framkvæmdum og eru starfsmenn 3.

Framundan eru mörg spennandi verkefni í verkefnisstjórnun og framkvæmdaeftirliti.

**Frekari upplýsingar eru gefnar í síma 660-4510 og á netfangi verk.gam@simnet.is.**

---

STARFSMENNTARÁÐ



# Styrkir

## vegna starfsmenntunar

Starfsmenntaráð auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsmenntunar í atvinnulífinu, sbr. lög nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu

### Hefðbundnir styrkir

Starfsmenntaráð hvetur umsækjendur til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi áherslur:

1. **Verkefni sem snúa að starfsmönnum:**
   Gæðaverkefni sem nýtast þeim hópum sem höllum fæti standa á vinnumarkaði s.s. vegna félagslegrar stöðu, uppruna, tungumálaerfiðleika, lítillar fyrri menntunar, lestrarörðugleika, fötlunar, eða skorts á tölvuþekkingu.
2. **Verkefni sem snúa að fyrirtækjum:**
   Verkefni á vegum fyrirtækja sem hvorki hafa starfskrafta né sjálfstætt fjárhagslegt bolmagn til öflugrar innri starfsþróunar og þekkingar-uppbyggingar.

Forgangs við úthlutun njóta verkefni sem falla undir ofangreindar áherslur starfsmenntaráðs. Að venju er ráðið samt reiðubúið að meta umsóknir um mikilvæg verkefni sem falla utan áherslna ráðsins.

### Rannsóknarverkefni

Við úthlutun úr starfsmenntasjóði á árinu 2008 verður ákveðnum hluta þess fjár sem Starfsmenntaráð hefur til úthlutunar, varið í rannsóknarverkefni sem nýst geta frekari framþróun starfsmenntunar í landinu. Umsækjendur eru hvattir til að sækja um verkefni sem falla undir eftirfarandi skilgreiningar:

**Stór**

- Rannsókn eða greining á því hvað það er sem veikir stöðu einstaklinga á vinnumarkaði s.s. félagsleg staða, uppruni, tungumálaerfiðleikar, lítil fyrri menntun, lestrarörðugleikar, fötlun, eða skortur á tölvu-þekkingu. Verkefnið feli jafnframt í sér tillögur til úrbóta.
- Greining á stöðu starfsmenntamála á Íslandi og í nágrannalöndunum og framsetning á þeim niðurstöðum.

**Smærri**

- Greining á veikleikum í núverandi stöðu eða kerfi. Þarfagreining – hvar starfsmenntunar sé mest þörf og hverjir séu best til þess fallnir að sjá um hana.
- Nýjungar í aðferðum.

Áhersla er lögð á að öll verkefni sem sótt er um styrk til séu vel undirbúin og umsóknir vandaðar.
Eingöngu er tekið við umsóknum á rafrænu formi á heimsíðu Starfsmenntaráðs, **www.starfsmenntarad.is.**

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Starfsmenntaráðs.

**www.starfsmenntarad.is**

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

---

LANDSPÍTALI

## Sjúkraliðar - starfsþróunartækifæri

Vegna aukinna verkefna á sviði hágæslu lungnasjúklinga s.s. hjúkrunar sjúklinga í öndunarvélum óskar lungnadeild A6 í Fossvogi eftir áhugasömum sjúkraliðum til starfa í vakta-vinnu.

Skipulögð verður fræðsla og þjálfun í ákveðnum viðfangs-efnum er varða hjúkrun mikið veikra lungnasjúklinga. Starfið er bæði fjölbreytt og gefandi.

Við leitum eftir metnaðarfullum sjúkraliðum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi verkefni og starfa með samhentum hópi fagfólks að uppbyggingu og þróun hjúkr-unar á sviði bráðameðferðar lungnasjúklinga.

Starfshlutfall og vinnutími er samkomulag.
Áhugasamir sjúkraliðar eru velkomnir í heimsókn til að kynna sér starfið.

Umsóknir berist fyrir 3. mars 2008 til Öldu Gunnarsdóttur, deildarstjóra og veitir hún upplýsingar um starfið í síma 543 6677, netfang aldagunn@landspitali.is

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjár-málaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðn-ingu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður.

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Ert þú í atvinnuleit?

## Fjöldi starfa í boði.

» Skrifstofustörf
» Lagerstörf
» Verslunarstörf
» Bókhaldsstörf
» Ræstingarstörf
» Sérfræðistörf
» Útkeyrslustörf
» Sölustörf
» Stjórnunarstörf
» Störf við kerfisstjórn
» Störf við forritun
» Framleiðslustörf
» Iðnstörf
» Þjónustustörf



» Kannaðu málið á
**www.hhr.is**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

GRÆNN KOSTUR

Grænn kostur óskar eftir matreiðslumanni eða vönum starfsmanni í eldhús veitingastaðarins á Skólavörðustíg.

**Spennandi starf á öðruvísi veitingastað.**
**Umsóknir sendast á box@frett.is merkt „Grænn kostur“ fyrir 23 febrúar.**

## Starfsmaður á skrifstofu

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða starfsmann á dreifingarskrifstofuna í Reykjavík sem staðsett er í Örfirisey.

### Helstu verkefni

- Uppgjör og afstemming flutningabíla
- Móttaka á pöntunum
- Framleiðsla og skráning á strikamerkjum
- Samskipti við bílstjóra
- Almenn skrifstofustörf

### Hæfniskröfur

- Nákvæm og vandvirk vinnbrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta
- Bílpróf

Starfið stendur báðum kynjum til boða. Umsóknir skulu sendar á helgim@odr.is fyrir 25 febrúar.

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

## Yfirvélstjóri
## Laugarnes

Olíudreifing ehf óskar eftir að ráða yfirvélstjóra á olíuskipið Laugarnes. Helstu verkefni Laugarnessins er að afgreiða olíu til skipa á Faxaflóasvæðinu og sinna tilfallandi birgðaflutningi um landið. Áhöfn Laugarness er hluti af starfsemi Olíustöðvarinnar í Örfirisey. Olíustöðin í Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Þar er tekið á móti stærstum hluta alls eldsneytis sem flutt er til landsins.

Viðkomandi þarf að hafa VS-3 réttindi

Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 550 9944. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á tölvupóstfang einar@odr.is

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.odr.is

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

## Olíudreifing ehf óskar eftir að ráða vélstjóra eða handlaginn einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðina í Örfirisey.

Olíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Þar er tekið á móti stærstum hluta alls eldsneytis sem flutt er til landsins. Í birgðastöðinni er unnið á 12 tíma vöktum og felst vinnan í losun og lestun olíuskipa, afgreiðslu eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvindu.

Starfið stendur báðum kynjum jafnt til boða.

Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 550 9944. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á tölvupóstfang einar@odr.is

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.odr.is

Olíudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 hf. og Olíuverzlun Íslands hf.
Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996.
Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á **www.oliudreifing.is**

# Bókari

Ernst & Young hf. óskar eftir að fá til liðs við sig vanan bókara.

Um er að ræða starf sem felst í færslu á bókhaldi, launaútreikningi, virðisaukaskattsskilum og afstemmingum fyrir fjölbreytt fyrirtæki. Bókarar starfa sjálfstætt og bera ábyrgð á sínum verkefnum en hafa auk þess aðgang að allri nauðsynlegri þekkingu hjá viðskiptafræðingum og löggiltum endurskoðendum.

## Hæfniskröfur

· Haldbær reynsla af bókhaldsvinnu nauðsynleg
· Góð enskukunnátta æskileg
· Tölugleggni og nákvæm vinnubrögð
· Skipulagshæfileikar
· Góð almenn tölvukunnátta

Umsjón með starfinu og nánari upplýsingar veitir **Hulda Helgadóttir (hulda@hhr.is) hjá HH Ráðgjöf Ráðningarþjónustu í síma 561 5900**. Áhugasamir eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is.

Ernst & Young er alþjóðleg keðja með um 130.000 starfsmenn í 140 löndum. Ernst & Young International er eitt af fjórum stærstu endurskoðunarfyrirtækjum í heiminum. Ernst & Young á Íslandi leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum alltaf fyrsta flokks þjónustu. Til að tryggja það veitum við starfsfólki Ernst & Young víðtæk tækifæri til starfsframa og þróunar á færni sinni. Ernst & Young býður metnaðarfullu fólki hvetjandi starfsumhverfi þar sem hæfileikar hvers og eins fá að njóta sín. Við felum starfsfólki okkar ábyrgð og hvetjum það til að sýna frumkvæði.

ERNST & YOUNG
*Quality In Everything We Do*

Reykjavíkurborg
Umhverfissvið

**Virkjum okkur!**

## Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit og vöktun

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, auglýsir laust til umsóknar tímabundið starf heilbrigðisfulltrúa hjá Heilbrigðiseftirliti og vöktun.

Í samræmi við leiðarljós Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, miðar starf heilbrigðisfulltrua að því að tryggja borgarbúum heilnæm lífsskilyrði og vernda heilnæmt og ómengað umhverfi.

**Helstu verkefni:**

- Reglubundnu eftirliti með starfsemi í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög um matvæli nr. 93/1998 og lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerðum skv. þeim.
- Skráningum og skýrslugerð, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt gildandi starfslýsingu fyrir heilbrigðisfulltrúa og samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Samstarf og samvinna milli deilda Heilbrigðiseftirlits og vöktunar.

**Menntunar- og hæfniskröfur sem hafðar verða til viðmiðunar við val á umsækjendum.**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki.
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagningu í starfi
- Réttindi til að mega starfa sem heilbrigðisfulltrúi æskileg.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits og vöktunar og Arnfinnur U. Jónsson starfsmannastjóri hjá Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Borgartúni 10-12, frá kl. 9-16 í síma 411 8500.

Umsóknir skulu berast til Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 3. mars nk. merktar „Heilbrigðisfulltrúi – Heilbrigðiseftirlit og vöktun“.

Við ráðningar í störf vilja borgaryfirvöld stuðla að því að þau flokkist ekki í sérstök kvenna- eða karlastörf og hvetja því það kynið sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein að sækja um . Konur er því hvattar til þess að sækja um starfið.

**Reykjavík 15. febrúar 2008.**

*Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar*
*Helstu verkefni Umhverfis- og samgöngusviðs eru: heilbrigðis og mengunarvarnareftirlit, náttúruvernd og garðyrkja, sorphirða frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóli Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótunar og þróunarverkefni á sviði umhverfis og samgöngumála.*

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is Hjá símaveri Reykjavíkurborgar 411 1111 fást allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar.

Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar er eitt af fagsviðum Reykjavíkurborgar og samanstendur af skrifstofum Samgöngumála, Neyslu og úrgangs og Náttúru og útivistar, auk Staðardagskrár 21 og Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, sem fyrir utan Hundaeftirlit skiptist í þrjár deildir: Hollustuhætti, Mengunarvarnir og Matvælaeftirlit.

JUST 4 KIDS

# STARFSFÓLK ÓSKAST

Í ALMENN VERSLUNARSTÖRF

UMSÓKNIR BERIST Á NETFANGIÐ:
valdis@leikbaer.is

LEIKTU ÞÉR MEÐ OKKUR!

## Verkfræðingur / tölvunarfræðingur

óskast til starfa hjá fyrirtæki í rafeindaiðnaði með traustan bakgrunn. Verkefnin eru einkum fólgin í þróun hugbúnaðar fyrir gagnasöfnun og stýringar og þróun veflausna til miðlunar upplýsinga. Forritað er í VisualStudio umhverfi og unnið með stóra gagnagrunna.

Í boði er góð vinnuaðstaða, sveigjanlegur vinnutími og góð launakjör fyrir áhugasamt og traust fólk

Upplýsingar veitir Guðjón í síma 5521777 og umsóknir skulu sendar á gudjon@fjarvirkni.is fyrir 22. febrúar.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf fljótlega.

Fjarvirkni ehf

## Ever thought about teaching English?

Are you a native English speaker? Hjallastefnan ehf. is looking for teachers to introduce established English Program for children 2-9 yrs of age at the company's schools. Teaching Certification is not required, an enthusiasm for outdoor activities, music & movement a must! ***Send inquiry & CV to hulda@hjalli.is***

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í HEIMAÞJÓNUSTU HJÁ GARÐABÆ

Starfið felur m.a. í sér aðstoð við heimilishald, persónulega umönnun og félagslegan stuðning.

Starfshlutfall samkomulag. Bjóðum sveigjanlegan vinnutíma.

Nánari upplýsingar veitir Hjördís Agnarsdóttir á fjölskyldu– og heilbrigðissviði í síma 512 1502.

Umsóknum skal skilað í þjónustumiðstöð eldri borgara í Jónshúsi, Strikinu 6, Garðabæ.
Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is

**Fjölskyldu- og heilbrigðissvið**

ÍSTAK
*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## RAFVIRKJAR / RAFVÉLAVIRKJAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða rafvirkja til fjölbreyttra verkefna. Um er að ræða vinnu við ídrátt, rafmagnstöflusmíði, uppsetningu ljósa og annars rafmagnsbúnaðar við framkvæmdir á vegum ÍSTAKS.

Einnig óskar ÍSTAK eftir að ráða rafvélavirkja til viðgerða og viðhalds á tækjum og búnaði sem tengist byggingariðnaði og vinnuvélum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir duglega starfsmenn.

**Upplýsingar um starfið og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

**Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og auka lífsgæði með þekkingaruppbyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru þar stundaðar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.**

**Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og atvinnulífsins.**

## Vélvirki - Vélfræðingur - Rannsóknamaður

Hefur þú áhuga á spennandi og fjölbreyttu starfi í góðu umhverfi sérfræðinga og atvinnulífs?

Efnis-, líftækni- og orkudeild Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands óskar að ráða starfsmann í fjölbreytta vinnu sem hentað gæti vélvirkja, vélfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Meðal núverandi verkefna má nefna:

- Sérhæft eftirlit með framleiðslu í málmiðnaði
- Umsjón með tækjum og búnaði deildar, viðhald og ýmiskonar smíði
- Rannsóknastofuvinna þar sem efnaferlar eru þróaðir og sannreyndir
- Aðstoð við sérfræðinga varðandi uppsetningu og framkvæmd prófana og rannsókna

Krafist er stundvísi, áreiðanleika og hæfni í mannlegum samskiptum. Óskað er eftir að viðkomandi starfsmaður hafi starfsreynslu úr málmiðnaði.

Frekari upplýsingar veitir Ingólfur Þorbjörnsson framkvæmdastjóri Efnis-, líftækni- og orkudeildar í síma 5229000.

Umsóknum skal skilað til Nýsköpunarmiðstöðvar merkt starfsumsókn – ELO, fyrir 1. mars nk.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum. Öllum umsóknum verður svarað.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Keldnaholti, 112 Reykjavík ● Sími 522 9000 ● Fax 522 9111 ● www.nmi.is

bmvalla.is

## Skrifstofustarf

**BM Vallá hf.** óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu félagsins á Bíldshöfða 7 í Reykjavík.

Í starfinu felst meðal annars:
- Reikningaútskrift
- Innheimta
- Afstemmingar
- Ritvinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni

Starfið gæti hentað vel einstaklingi með viðskiptamenntun og/eða fjölbreytta reynslu af skrifstofustörfum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn ásamt ferilskrá óskast send á netfangið helga@bmvalla.is

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar nk.

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmastan hátt.

Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

AÐALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík

BM·VALLÁ

# TVEIR SKEMMTILEGIR VINNUSTAÐIR FYRIR UNGT, SKEMMTILEGT OG LIFANDI FÓLK

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

Við leitum að starfsfólki í almenn afgreiðslustörf í Keiluhöllina Öskjuhlíð. Starfið felst í afgreiðslu og umsjón með keilusalnum ásamt afgreiðslu í sjoppu Keiluhallarinnar.

BÓNUSVÍDEÓ

Óskum eftir starfsfólki í almenn afgreiðslustörf í Bónusvídeó, svo sem útleigu og sölu á myndum sem og aðra afgreiðslu. Bónusvídeó rekur 19 verslanir og vantar fólk til starfa víða á höfuðborgarsvæðinu.

Við leitum að jákvæðu fólki með þjónustulund og metnað til að gera góða vinnustaði enn betri
Ath Hægt er að sækja um og starfa á báðum stöðum

## EF ÞÚ HEFUR ÁHUGA ÞÁ BJÓÐUM VIÐ ÞÉR...

- GÓÐ LAUN
- SVE GJANLEGAN V NNUTÍMA
- FRÁBÆRT FÉLAGSLÍF
- AFSLÁTT AF FLESTUM VÖRUM
- FRÍTT Í BÍÓ 1 2 Í MÁNUÐ
- FRÍA LE GU Á DVD MYNDUM OFL

ÁHUGASAMIR HAFI SAMBAND VIÐ
SÖRU GUÐMUNDSDÓTTUR Í SÍMA 690-8105
EÐA SENDIÐ TÖLVUPÓST Á
SARA@BONUSVIDEO.IS

RADAR

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

## Starfsmaður í búsetuþjónustu

**Við leitum að áhugasömum starfsmanni til að aðstoða fólk með fötlun sem býr í sjálfstæðri búsetu í miðborginni.**

Um er að ræða dag-, kvöld- og helgarvinnu. Starfshlutfall eftir samkomulagi

**Helstu verkefni:**
- Aðstoða íbúa við athafnir daglegs lífs
- Auka færni og efla sjálfstæði íbúa
- Félagslegur stuðningur við íbúa

**Hæfniskröfur:**
- Félagsliðamenntun og/eða reynsla af umönnun æskileg
- Umsækjendur þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt.

**Við bjóðum upp á:**
- Fjölbreytni í starfi
- Fræðslu og handleiðslu
- Öruggt starfsumhverfi

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.
Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg L. Pétursdóttir í síma 561 3141.

Umsóknum skal skilað á netfangið gudbjorg.l.petursdottir@reykjavik.is

**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar nk.**

## Leikskólaráðgjafi

**Laus er til umsóknar staða leikskólaráðgjafa á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.**

**Helstu verkefni eru:**
- Ráðgjöf til stjórnenda og starfsfólks leikskóla
- Ráðgjöf til foreldra
- Ráðgjöf varðandi sérstök verkefni og nýbreytnistarf innan leikskólans
- Þátttaka í þverfaglegum teymum á Þjónustumiðstöð

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Framhaldsnám á háskólasviði
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á þróun þverfaglegs starfs innan þjónustumiðstöðvarinnar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Hjartarson, deildarstjóri á þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í síma 4111500, netfang: helgi.hjartarson@reykjavik.is

**Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 fyrir 2. mars n.k.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# ÍSLENSK ERFÐAGREINING

## Rekstur upplýsingakerfa (Support engineer)

Íslensk erfðagreining leitar að öflugum liðsmanni (Support engineer) til að starfa við rekstur upplýsingakerfa í upplýsingatæknideild fyrirtækisins. Um er að ræða upp-setningu og rekstur á kerfum sem eru hönnuð og skrifuð í deildinni fyrir rannsóknarstofur fyrirtækisins. Hér er um gott tækifæri að ræða fyrir aðila sem vill vinna í flóknu og krefjandi tækniumhverfi þar sem nýjar áskoranir birtast daglega. Helstu rekstrarumhverfi eru Windows, Linux, Java, Python og Oracle.

Hæfniskröfur:
Háskólapróf í raungreinum eða kerfisfræði er æskilegt en þó ekki skilyrði, ef góð reynsla af kerfisrekstri og eða hugbúnaðarþróun er fyrir hendi. Við leitum að aðila sem á auðvelt með að tjá sig í rituðu máli á bæði ensku og íslensku, er nákvæmur og samviskusamur.

Íslensk erfðagreining býður góð launakjör, góða starfsþjálfun og starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun og góðum starfsanda.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Íslensk erfðagreining er í fararbroddi rannsókna á erfðum algengra sjúkdóma. Sú þekking sem skapast í erfðarannsóknum er nýtt til þróunar greiningarprófa og til lyfjaþróunar. Fyrirtækið býður starfsmönnum upp á mikla möguleika á starfsþróun og símenntun í alþjóðlegu starfsumhverfi sem einkennist af nýsköpun, hugmyndavinnu og góðum starfsanda .

Umóknir skulu fylltar út á www.decode.is eða ferilskrá send á careers@decode.is. Nánari upplýsingar veitir Sigríður E. Guðlaugsdóttir Starfsmannastjóri ÍE í síma 570 1900 eða careers@decode.is .

Íslensk erfðagreining | Sturlugötu 8 | 101 Reykjavík | s: 5701900

www.mos.is MOSFELLSBÆR
Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Leikskólakennari

Leikskólakennari óskast til starfa við leikskólann Hlíð, Mosfellsbæ, sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi í fullt starf. Til greina kemur að ráða fólk með aðra uppeldismenntun og reynslu.

Áherslur í leikskólastarfi eru: Skapandi starf og listmenning. Kjör leikskólakennara eru samkvæmt kjarasamningi F.L. og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Áhugasamir hafi samband við stjórnendur leikskólans í síma: 566 73 75 og 861 29 57.**



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK
# NÚNA!
ERUM MEÐ YFIR TÓLF ÞÚSUND MANNS Á SKRÁ

- SMIÐIR
- RAFVIRKJAR
- PÍPARAR
- MÚRARAR
- VERKAMENN
- FISKVINNSLUFÓLK
- BLIKKSMIÐIR
- JÁRNSMIÐIR
- AFGREIÐSLUFÓLK

ER STARFSMANNALEIGA RÉTTA LAUSNIN FYRIR ÞIG?

Voot starfsmannamiðlun
Hafnargata 90
230 Reykjanesbær
Sími: 420 9500
www.voot.is

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

SÍMI 420 9500 • WWW.VOOT.IS

BRCS 0763/2008

# RAFVIRKJAR

**Traustur rafverktaki í mikilli sókn óskar eftir rafvirkjum til starfa.**

Allar nánari upplýsingar gefur Kristbjörn í síma 771 1501. Einnig er tekið á móti umsóknum á **rar@rar.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Rafvirkjar Reykjavíkur
ALMENNAR RAFLAGNIR
SÍMA- OG TÖLVULAGNIR
VIÐHALD

**rar@rar.is · www.rar.is**

ATAFL

## Verkfræðingar Tæknifræðingar

Viljum ráða verk- eða tæknigræðinga til starfa á tækni- og framkvæmdasviði.
Störfin felast m.a. í tilboðs- og áætlanagerð, hönnunarrýni, samningagerð, uppgjörsmál og verkefnastjórnun.

***Menntunar- og hæfniskröfur:***
Byggingaverk- eða tæknifræðimenntun.
Reynsla af verklegurm framkvæmdum.
Reynsla af störfum á verkfræðistofu æskileg.

***Upplýsingar um starfið gefur Kári Arngrímsson, forstjóri í símum 420 6404 og 695 6404.***
***Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.***
***Umsóknarfrestur er til 1. mars 2008.***
***Umsóknum skal skila á heimasíðu Atafls.***
***www.atafl.is eða sendast til skrifstofu Atafls, Lyngás 11, 210 Garðabær.***

*Atafl er eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrað. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Garðabæ.*

FRUM

# TS málun ehf

Öll almenn húsamálun og sandspörtlun.

Vönduð vinna á góðu verði.

## Tilboð eða tímavinna

Helgi Gunnlaugsson, löggiltur málarameistari.
gsm. 663 3393 helgi@tshus.is

TSHÚS Síðumúla 1 108 Reykjavík s. 567 6161

---

E F F
FASTEIGN HF

# ÚTBOÐ

**Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.**
óskar fyrir hönd Háskólans í Reykjavík
hér með eftir tilboðum í verkið:

## Háskólinn í Reykjavík - Gluggar og gler

Verkið felst í því að útvega og setja upp glugga, hurðir og gler í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.
Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**
Gluggar og gler ~ 9000 m2

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.
Uppsetning á gluggum og gleri í fyrri áfanga skal vinnast á tímabilinu sep. 2008 - jan. 2009.
Uppsetning á gluggum og gleri í seinni áfanga skal vinnast á tímabilinu mar. 2009 - okt. 2009.
Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Línuhönnunar hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með fimmtudeginum 14. febrúar 2008, kl 14:00.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bíldshöfða 9, fimmtudaginn 13. mars 2008, kl. 14:00.

---

# ÚTBOÐ ÍAV



## Sæti fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið

Íslenskir aðalverktakar óska eftir tilboðum í sæti og stóla fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík.

## Heiti útboðs:

ASS – „Audience Seating Systems for Concert and Conference Centre in Reykjavík"

- ASS-1. Seating in the Concert Hall – Sæti í tónleikasal
- ASS-2. Loose seats – Laus sæti
- ASS-3. Telescopic Seating in the Conference Hall – Útdraganlegir bekkir í ráðstefnusal
- ASS-4. Seating in the Fourth Hall – Sæti í fjórða sal

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV, frá og með miðvikudeginum 20. febrúar 2008, á slóðinni: http://www.iav.is/utbodsvefur/

*Allar nánari upplýsingar veitir Ásdís Elva Guðmundsdóttir, í síma: 530-4200 eða asdiseg@iav.is.*

*Opnun tilboða er kl. 14.00, mánudaginn 7. apríl 2008 á skrifstofu ÍAV, Höfðabakka 9, 4. hæð.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

iav.is Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

---

# Styrkir til listnáms í Frakklandi

Minningarsjóður Dóru Kondrup, stofnaður 4. júlí 2007, auglýsir til umsóknar tvo námsstyrki skólaárið 2008-2009. Hlutverk sjóðsins er að hvetja og styrkja unga og efnilega Íslendinga til listnáms í Frakklandi með framlögum til skólagjalda og framfærslu. Í stjórn sjóðsins sitja ásamt stofnendum fulltrúar franska sendiráðsins á Íslandi og Listaháskóla Íslands. Styrkupphæð tekur mið af sambærilegum frönskum styrkjum til háskólanáms í hug- og raunvísindum og styrkþegar njóta sömu fríðinda og fyrirgreiðslu og styrkþegar franska ríkisins.

***Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást í franska sendiráðinu, Túngötu 22, og í aðsetri sjóðsins hjá Virtus, Laugavegi 170-172. Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2008.***

---

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna- og eignaumsýslu:**

***Kaup á áburði fyrir árið 2008.***

**Magntölur:**
Áburður á tún ....................................... 45 tonn.
Áburður á nýræktarsvæði .................... 8 tonn.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 6. mars 2008, kl.10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12087
**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

# ÚTBOÐ ÍAV



## Uppsteypa

Íslenskir aðalverktakar óska eftir tilboðum í uppsteypu á vöru- og skrifstofuhúsi að Grjóthálsi 7–11 í Reykjavík.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| • Mótafletir | um 20.000 $m^2$ |
| • Járnbending | um 630 tonn |
| • Steypa niðurlögn | um 4.500 $m^3$ |
| • Stálvirki uppsetning | um 140 tonn |
| • Forsteyptar plötur uppsetning | um 6.000 $m^2$ |

Verklok eru 1. september 2008.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV, frá og með miðvikudeginum 20. febrúar 2008, á slóðinni: http://www.iav.is/utbodsvefur/

Allar nánari upplýsingar veitir Höskuldur Tryggvason, í síma: 530-4200 eða hoskuldur@iav.is

*Opnun tilboða er kl. 11.00, föstudaginn 29. febrúar 2008 á skrifstofu ÍAV, Höfðabakka 9, 4. hæð.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

iav.is Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Styrkir til forvarnarverkefna í Reykjavík

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar veitir styrki úr forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar til forvarnarverkefna.

Markmiðið með styrkjunum er að styrkja samstarfsverkefni á sviði forvarna til samræmis við forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Umsóknarfrestur er til **1. mars 2008.** Umsóknum skal skila inn á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

Meðferð umsókna fylgir almennum reglum um styrkjaúthlutanir Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Allar umsóknir verða lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og fyrir velferðarráð Reykjavíkurborgar til samþykktar.

---

# Fræðslusjóður brunamála

**Brunamálastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Fræðslusjóði brunamála**

**Markmið sjóðsins** er að stuðla að aukinni þekkingu þeirra sem starfa að brunamálum á sviði brunavarna og slökkviliðsstarfa. Sjóðurinn greiðir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, námskeiðsgjöld, ferða- og dvalarkostnað, laun á námstíma og styrki vegna námskeiða og endurmenntunar. Brunamálastofnun annast úthlutun styrkja að fenginni umsögn brunamálaráðs.

**Allar umsóknir sem falla að markmiði sjóðsins koma til álita.** Í samvinnu við IF Sikkerhetssenter í Noregi gengst Brunamálastofnun fyrir 3 daga námskeiði fyrir stjórnendur slökkviliða í aðgerðum við eldsvoða í göngum. Námskeiðið verður haldið haustið 2008. Slökkviliðsstjórar geta sótt um styrk í sjóðinn til að standa straum af hluta kosnaðar við námskeiðið.

**Umsóknir** merktar **"Fræðslusjóður brunamála 2008"** skal senda til Brunamálastofnunar, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, **fyrir 15. mars 2008** á eyðublöðum sem fást á www.brunamal.is. Athygli er vakin á því að styrkveiting fellur úr gildi ef styrkur er ekki nýttur innan tveggja ára frá veitingu.

Nánari upplýsingar veita Elísabet Pálmadóttir skólastjóri (elisabet@brunamal.is) og Pétur Valdimarsson (petur@brunamal.is).

**Brunamálastofnun**
Skúlagata 21
101 Reykavík
Sími 591 6000
Fax 591 6001
www.brunamal.is

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8-16

---

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

GOTT FÓLK

# BYLGJAN Í FYRSTA SÆTI




Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt könnun Capacent í aldurshópnum 12-54 ára 4.-10. febrúar 2008.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

# Eyktarás 11
110 Reykjavík
Gott hús með möguleika á aukaíbúð

**Stærð: 285 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1980**
**Brunabótamat: 38.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Búi




**OPIÐ HÚS í dag milli kl. 15.00 - 16.00**

**Verð: 69.500.000**





Gott og afar fjölskylduvænt einbýlishús miðsvæðis í hverfinu. Örstutt í alla þjónustu s.s. sund og íþróttir, skóla og verslanir. Húsið er á tveimur hæðum, stendur ofanvert við götuna og er samtals 285 m², þar af bílskúr 35 m². Auðvelt að breyta neðri hæð í auka íbúð með sér inngangi. Byggingarár 1980. Gróin lóð 548 m² lóð með fallegum trjám. Eignin skiptist þannig: Efri hæð, forstofa, svefnherbergi, hjónaherbergi með útgengi út á timburpall í garði. Baðherbergi með ljósri innréttingu, flísar á veggjum og gólfi. Rúmgóð stofa með mikilli lofthæð og útgengi út á stórar svalir. Frábært útsýni. Eldhús, borðstofa og þvottahús. Neðri hæð: Tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, rúmgtt alrými með arni, geymsla og bað/sauna, inngangur og forstofa ásamt bílskúr. Húsið er í góðu ásigkomulagi, nýlegur sólpallur í garðinum.

Ólína Ásgeirsdóttir
Sölufulltrúi
**898 8016**
olina@remax.is



Sighvatur Lárusson
Sölufulltrúi
**864 4615**
sighvatur@remax.is



Sigurður Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
sigurdur@remax.is



**RE/MAX Búi - Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík - Sími: 5209400 - www.remax.is**



Frum

ÁS FASTEIGNASALA

**Hafnarfirði, Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600, Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða www.as.is**
**Opið virka daga kl. 9–18**
*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

# DONA PEPA ALBAMAR Á SPÁNI





**Erum með í sölu glæsilegar íbúðir í nýju hverfi í Dona Pepa á Torreveja.** Íbúðirnar eru allar jarðhæð með sér verönd og einkagarði. Hverfið sem er girt af er með sér sundlaugum, grilli, bílastæðum o.fl. Sérlega góð staðsetning. **Hérna eru um 330 sólar dagar á ári og nálægðin við saltvötnin tryggir lágt rakastig.** 7387

***Allar nánari upplýsingar fást á Ás fasteignasölu.***



**FAGRABERG -** Falleg 80 fm neðri hæð í tvíbýli á frábærum stað. 2 sv.herb. Sérinngangur. **Verð 23,9 millj.** 7175



**LYNGMÓAR 3 - MEÐ BÍLSKÚR** Falleg 113 fm 4ra til 5 herbergja ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi í HJARTA GARÐABÆJAR. Stórar svalir. Góð staðsetning. **Verð 28,7 millj.** 7250



HÖFÐI FASTEIGNASALA

**Suðurlandsbraut 20 • Bæjarhrauni 22**
**Runólfur Gunnlaugsson viðskiptafr., lögg. fast.- og skipasali**
**Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali, Ásmundur Skeggjason lögg. fast.sala**

# OPIN HÚS – OPIN HÚS
# Opin hús í dag sunnudaginn 17. feb.

## Opið hús í dag á milli kl. 15:00 og 16:00
## Rauðamýri 15 Mosfellsbæ





Frum

Til sýnis í dag fallegt 163,3 fm raðhús á einni hæð m/innbyggðum bílskúr. Húsið er tilbúið til afhendingar STRAX, fullbúið að utan með frágenginni lóð og tilbúið til innréttinga að innan – FULLMÁLAÐ. Möguleiki á að fá húsið afhent lengra komið. Gólfhiti er í öllu húsinu. Öllum frágangi utanhúss er lokið. Búið að helluleggja, tyrfa og setja upp sólpall. Verð 38,9.
***Gústaf sölumaður Höfða s: 895 7205, sýnir húsið í dag kl. 15 til 16.***

## Opið hús í dag á milli kl. 16:30 - 17.30
## Hjálmakur 6, Garðabæ







Til sýnis í dag sérlega fallegt, vel skipulagt og fjölskylduvænt „Fúnkis“ einbýli á eftirsóttum stað. Húsið er vel staðsett fyrir neðan götu, innarlega í botnlanga og skiptist á eftirfarindi máta: Rúmgott anddyri m/fataskáp. Sjónvarpsstofa, stofa, eldhús og borðstofa aðskilin með léttum veggjum, 4 metra lofthæð og útgangengt í garð á tveimur stöðum. **Efri pallur:** Fjögur svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi. **Neðri pallur:** Hol, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Glæsilegar innréttingar frá Jke Design með ljósum steini á vinnuborðum. Innbyggð halógenlýsing, hönnuð af Lúmex. Gólfhiti. Hellulögð innkeyrsla og verandir í garði. Hér er á ferðinni vandað einbýlishús sem margir hafa beðið eftir. **Verð 118 millj.**
***Ásmundur sölumaður Höfða, s: 895 3000, sýnir húsið í dag á milli kl. 16.30 og 17.30.***

## Opið hús í dag á milli kl. 15:00 og 16:00
## Hlíðarbraut 2 Hafnarfirði





Til sýnis í dag sérlega fallegt og mikið endurnýjað 110,7 fm einbýli á 2 hæðum, auk rúmlega 20 fm ósamþykkts kjallara. Húsið hefur verið endurnýjað að miklu leiti á síðustu 6 árum, m.a. lagnir, gler og gluggar. Húsið er skráð sem 2 íbúðir. Fyrsta hæðin skiptist í forstofu, 2 stofur, eldhús og salerni. Önnur hæðin skiptist í 2 svefnh., baðh., tölvuhorn og geymsluloft. Í kjallara er svefnh., baðh., þv.hús og geymsla. Nýleg verönd m/heitum potti. **Verð 37,5 millj.**
**Ásmundur sölumaður Höfða, s: 895 3000 sýnir í dag kl. 15 til 16.**

## Opið hús í dag á milli kl. 13:00 og 14:00
## Laufengi 15 - íbúð 205





Til sýnis í dag gullfalleg 4ra herb. 98,9 fm endaíbúð á 2. hæð ásamt stæði í opnu bílskýli. Sér inngangur í íbúðina af svölum hússins. Íbúðin er vel skipulögð og skiptist m.a. í 3 svefnherb. og rúmgóða stofu með svölum til suð-austurs. Tengt fyrir þvottavél og þurrkara á baðherbergi.
**Eign sem vert er að skoða strax.**
**Árný og Hannes taka á móti þér og þínum í dag frá kl. 13 til 14.**

## Opið hús í dag á milli kl.
## Lautasmári 22 - íbúð 202





Til sýnis í dag gullfalleg 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjölbýli auk sér geymslu í kjallara alls 115,8 fm. Íbúðinni fylgir stæði í lokuðu upphituðu bílahúsi. Íbúðin skiptist m.a. í 3 svefnherb. , hol og rúmgóða stofu. Parket á gólfum, fallegar beykiinnréttingar. Þvottahus innan íbúðar. Vel skipulögð íbúð á góðum stað.
**Verð aðeins 29,9 millj.**
**Sölumaður Höfða sýnir íbúðina í dag frá kl. 13 til 14.**
**Upplýsingar í síma 892 7798.**

**Suðurlandsbraut 20 – Sími 533 6050 – Fax 533 – 6055 Bæjarhrauni 22 – Sími 565 8000 – Fax 565 8013**

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is

Kjöreign ehf

OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is

**OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG FRÁ KL. 17 - 18**

## Kjarrmóar 12, Garðabær





Raðhús og sérstæður bílskúr á frábærum stað. Bílskúrinn er mög rúmgóður með mikilli lofthæð. Eignin er algerlega endurinnréttuð. Um er að ræða sérlega fallegt 3ja herb. hús í góðu ástandi. **Verð 39,5 m. Laust strax.**

**Kristinn Valur Wiium**
**Sölumaður, sími: 896 6913**

**Ólafur Guðmundsson**
**Sölustjóri, sími: 896 4090**

Frum

GARÐATORG
EIGNAMIÐLUN

## LAUGARÁSVEGUR 53 - R.vík

Opið hús sunnudaginn 17/2 milli kl 14-15



Mjög góð 98,6 fm íbúð á 1. hæð auk 24,2 fm bílskúr. Talsvert endurnýjað hús og íbúð, 2-3 svfnherb, stofur. Bískúr með góðri lofthæð. Húsið er glæsilegt og stendur á mjög góðum stað. **Verð 35,9 millj.**

***Sölumaður Sigurður s. 898 3708***

Frum

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**MIÐVANGUR - HF. EINBÝLI**



Nýkomið í einkasölu á þessum frábæra stað glæsilegt mikið endurnýjað einbýli með innbyggðum bílskúr, samtals ca. 170 fm. Glæsilegt nýtt eldhús, nýstandsett baðherbergi, lagnir o.fl. Glæsilegur gróinn garður. **Verð 49,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

Frum

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250

Pétur Þ. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is



**Básbryggja 1, íb. 02-04 - 3ja herb. bílgeymsla.**
**Opið hús í dag á frá 14 - 16**

Til sölu glæsileg 3ja herb á 2. hæð í fallegu álklæddu fjölbýlishúsi. Vandaðar innréttingar úr ölvið og ljóst parket. Fallegt baðherb. með flísum, upphengdu salerni og innréttingu. Stæði í bílageymslu.

***Geir og Þuríður sýna íbúðina í dag sunnudag á milli 14 og 16.***



**Ofanleiti 13 - Efsta hæð, íbúð 03-02 - bílskúr.**
**Opið hús í dag á milli 14 og 16**

Falleg 3ja til 4ra herb. endaíbúð á eftirsóttum stað í Rvk. Stór og björt stofa ásamt góðu hjónaherbergi og öðru stóru svefnherb. Einnig er hægt að reisa 3. barnaherb. á kostnað stofu. Úr stofu er gengið út á stórar svalir sem snúa í suður. Rúmgott eldhús með snyrtilegum innréttingum og parketi á gólfi. Baðherbergi með flísum, gólf og veggir. Íbúðinni fylgir 22,6 fm bílskúr.

***Rannveig sýnir íbúðina í dag sunnudag á milli 14 og 16 .***



**Marbakkabraut 10 - Aukaíbúð.**
**Opið hús í dag á milli 14 og 16**

Glæsilegt einbýli á 3 hæðum með innbyggðum bílskúr ásamt fullbúinni aukaíbúð í kjallara, samtals 439,6 fm. Húsið er einstaklega glæsilegt, að innan sem utan, vandaðar innréttingar og gólfefni og frágangur utanhúss til fyrirmyndar. Húsið er vel skipulagt og býður upp á ýmsa möguleika. Stórar stofur, fjöldi svefnherbergja, flísalögð arinstofa og sólskáli. Eignin er staðsett á vinsælum stað í vesturbæ Kópavogs. Garður er stór og ræktaður.

***María sýnir húsið í dag sunnudag á milli 14 og 16.***

Frum

heimili
FASTEIGNASALA

Sími
530 6500

## SÖLUSÝNING Í DAG.

KLAPPARHLÍÐ 28 - ÍBÚÐ 0101.




Glæsileg vönduð 115 fm endaíbúð/suðurendi á jarðhæð með timburverönd og sérinngangi. Vandaðar innréttingar og gólfefni og góð tæki. Húsið er nýlegt álklætt fjölbýli á rólegum stað við ört vaxandi þjónustu. Stutt í verslun og þjónustu, barna- og leikskóla, golfvöll, sundlaug, líkamsrækt og skemmtilegar gönguleiðir í fallegu umhverfi. **V. 32,0 millj.**

***Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 16:00-17:00***

Frum

FASTEIGNASALAN
MIKLABORG

## Eyrarholt í Hafnarfirði

4ra herb. með bílskúr





Glæsileg 4ra herbergja íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli við Eyrarholt í Hafnarfirði. Eignin er alls um 142 fm þar af 24,7 fm innbyggður bílskúr. Aðeins eru þrjár íbúðir í stigaganginum, ein á hverri hæð. Verð 29,7 millj.

***Nánari upplýsingar um eignina veitir Sara Lind í síma 693 7218***

*Óskar R. Harðarson, hdl. og löggiltur fasteignasali*

Frum

# Fasteignir á Florida

## Kynning á Grand Hótel í dag, 17. feb.

Söluaðilar frá Florida verða á staðnum ásamt **FBC** fjármögnunarfyrirtæki til að kynna og svara fyrirspurnum um eftirtalin hverfi:

*Village Walk (DiVosta), Eagle Creek,*
*Keene´s Point, Lake Nona, Ventura,*
*University Park, Reunion Resort, Baldwin Park,*
*og Brentwood Custom Homes.*

**KYNNING**
**Floridafasteignir.is og Storhus.is**
verða með kynningu á Hótel Grand
á fasteignum á Florida í dag 17. feb.
frá kl. 12.00 - 18.00








Mikil uppbygging er á svæðinu þar sem Lake Nona, DiVosta og Eagle Creek eru. Þar er m.a. verið að reisa hátækni-sjúkrahús, læknaskóla og menntaskóla, ásamt nýjum miðbæjarkjarna. þar verða m.a. fjölmargar verslanir, veitingastaðir, kvikmyndahús o.fl. sem lokið verður við fyrir árið 2010.

***Allir velkomnir - boðið verður uppá léttar veitingar.***

Lake Nona · BRENTWOOD · Eagle Creek · DIVOSTA HOMES · VENTURA · Ginn

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

## Nýbýlavegur 72 - 200 Kópavogur
**Opið hús í dag sunnudag 17. feb. frá kl. 14:00 – 15:00**


Frum

Er þetta HÚSIÐ þitt? Nýbýlavegur, mjög falleg og björt 85,4 fm íbúðarhæð á jarðhæð í fimm íbúða og þriggja hæða litlu og nýju húsií þessu gróna hverfi. Íbúðin er ekkert niðurgrafinn og er með góðri aðkomu og 33 fm hellulagðri suðurverönd og sameiginlegum stórum suðurgarði. Þvottahús innan íbúðarinnar. **Laus fljótlega. Verð 24,9 m.**

***Eigendur taka á móti gestum. Verið velkominn.***

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

## Flókagata 4 - 220 Hafnarfjörður
**Opið hús 17. feb. kl. 14:00 – 15:00**


Frum

Mikið endurnýjað 192,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr. ELDHÚS er nýlega standsett og er með flísum á gólfi, ljósa innréttingu frá INNX, gas eldavél, uppþvottavél, ísskápur getur fylgt og borðkrókur. 4 svefnherbergi, en möguleiki á 5. STOFA er rúmgóð og björt. BAÐHERB. er flísalagt í hólf og gólf, nýleg innrétting og handklæðaofn. Húsið er mjög mikið endurnýjað, m.a allir gluggar nýir, nýtt k-gler og nýtt járn á þaki. Húsið var málað að utan sem innan fyrir tveimur árum. Lóðin er öll ný standsett með timbur pöllum, trjám og möl, ekkert gras, einnig er lítið gróðurhús og skemmtilegur ca. 12 fm garðskáli í garðinum. Möguleiki að útbúa auka íbúð ef þess er óskað, því það eru tveir sérinngangar.

**AFHENDING ER VIÐ KAUPSAMNING.**

***Kolbeinn, gsm 694 9100 tekur á móti gestum.***

Suðurlandsbraut 50
(Bláu húsin við Faxafen)
**Sími: 513-4300**
Vilhjálmur Bjarnason - Lögg. fast.sali

## Kvistavellir 41, 221 Hafnarfjörður
**Opið hús 17. feb. kl. 15:30 – 16:00**


Frum

Fallegt nýtt einbýli á einni hæð með tvöföldum innbyggðum bílskúr. Íbúðin er 5 herbergja 156,6 fm og bílskúrin er 55,5 fm, eignin er því samtals 212,1 fm. Húsið er staðsteypt og er tilbúið til innréttingar. Eignin skiptist í forstofu, 2 baðherbergi, 4 svefnherbergi, þvottaherbergi, eldhús, svefnherbergisgang, stofu, geymslu og bílskúr. Hiti er í gólfi. Eignin afhendist tilbúin að utan með grófjafnaðri lóð. Að innan er búið að setja milliveggi, sparsla og mála. Loft er tekið upp að hluta og er með möguleika á halógen lýsingu. **AFHENDING ER VIÐ KAUPSAMNING. Verð 49.9 millj.**

***Kolbeinn, gsm 694 9100 tekur á móti gestum.***

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9–18

## SKÓLAGERÐI - 200 KÓPAVOGI


Frum





4ra herbergja íbúð á 2. hæð, 78,9 fm auk ca 7 fm geymslu, á rólegum stað í vesturbæ Kópavogs (Kársnesið). Stutt í barnaskóla, verslun, sundlaug – mjög miðsvæðis. Nýlegt eldhús með hvítri og mahony innréttingu, stáltæki, helluborð og borðkrókur. Stofa með mikilli lofthæð. 3 svefnherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Sérmerkt bílastæði fylgir íbúðinni. **Verð 22,9 m.**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## STRAUMSALIR - KÓPV. M/BÍLSKÚR


Frum

Nýkomin einkasölu á þessum frábæra stað, sérlega skemmtileg 120 fm endaíbúð á efstu (þriðju) hæð í liltlu fjölbýli, auk bílskúrs 26 fm samtals 146 fm. Hús klætt að utan. Vandaðar innréttingar, flísalagður bílskúr. **Topp eign. Hagstæð lán 4,15% Verð 34,9 millj.**

## KJARRMÓAR – RAÐHÚS



Sérlega fallegt mikið endurnýjað raðhús á þessum frábæra stað. Eignin er 84,8 á tveimur hæðum auk bílskúrs 29,9 fm, samtals 114,7 fm en fyrir liggur samþ. teikningar af ca 10 fm stækkun á húsinu. Lýsing eignar: Hol, baðherb, svefnherb, setustofa, stofa/borðstofa, eldhús og geymslurými. Útg. frá stofu á verönd í suður garði. Samþykktar teikningar af ca 10 fm stækkun á stofu út í lóðina. Parket á gólfum. Bílskúr með geymslulofti. **V. 32 millj. Laust strax.**

## ÞRASTARÁS - HF.



Nýkomin í einkasölu stórglæsileg 130 fm. íbúð á neðri hæð í vönduðu fjölbýli á þessum vinsæla stað. Glæsilegar innréttingar, HTH, og MIELE tæki. Vönduð gólfefni. Allt fyrsta flokks. Stórar svalir í suður og vestur. Geymsla og sér bílastæði í kjallara. **Verð 36,8 millj.**

## HJALLABRAUT - HF



Nýkomin í einkasölu björt og falleg 102 fm. íbúð á 3ju (efstu) hæð í góðu fjölbýli. Flott íbúð, vel skipulögð. Yfirbyggðar svalir. Hús klætt að utan. Frábær staðsetning. **Verð 19,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

## Eskihlíð14a 105 Reykjavík.
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 15-15:50**



Mikið endurnýjuð 84,4fm 4ra herb. endaíbúð í kj. í vel við höldnu húsi. Eignin skiptist í : Gang með skápum, Nýstandsett eldhús og baðherb., stofu og borðst., tvö barnah. og stórt hjónaherb. með fataherb./geymslu innaf. **V-22,9millj.** (5194) Mjög fallegar innréttingar í eld. og baði. Endurnýjuð gólfefni. **EIGNIN ER LAUS STRAX.**

***Sölumaður verður á staðnum.***

## Skólagerði 63 200 Kópavogur
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 16-17.**



Mjög vel skipulögð 81,8fm 4ra herb.íbúð á jarðhæð með 44,6fm bílskúr, samtals 126,4fm. Eignin skiptist í : Forstofu með skápum, eldhús með góðri innréttingu, stofu og borðstofu með útgangi út í garð, 3 herbergi með parketi á gólfi, gang og baðherbergi með baðkari. Stór bílskúr. Mikið endurnýjuð eign á rólegum stað. **V-29,5millj.**(5192)

***Sölumaður verður á staðnum.***

## Freyjugata – Byggingarmöguleikar.


Frum

Þessi 2 hús eru til sölu. Húsin standa á 349 fm hornlóð milli Bragagötu og Válastígs. Unnið er að breytingu á deiliskipulagi á reitnum. Þarna er á ferðinn sérstaklega vel staðsett lóð í Þingholtunum. Óskað er eftir tilboðum í húsin.og þeim réttinidum sem þeim fylgja. **Upplýsingar á skrifstofu.**

## Álfhólsvegur ,Kópavogur.





Vel staðsett hornlóð á útsýnisstað í grónu hverfi í Kópavogi. Fyrirliggja samþykktar teikingar af 1500 fm íbúðarhúsnæði upp á 3 hæðir auk bílakjallara. Gert er ráð fyrir 13 íbúðum, þ.a. tveimur penthouse íbúðum. Gert er ráð fyrir inngangi í allar íbúðir frá svalagangi. Á lóðinni stendur 498 fm atvinnuhúsnæði sem er í útleigu.

***Nánari upplýsignar veitir Leifur Aðalsteinsson hjá 101 Reykjavík fasteignasölu í síma 820 8100***

## Klettagarðar atvinnuhúsnæði



Stórglæsilegt 2954,1 fm stálgrindarhús. Húsnæðið er einstaklega vel staðsett rétt við Sundahöfn. Húsnæðið samanstendur af 1775 fm vörulager. Á húsinu eru þrjár stórar innkeyrsludyr. Á jarðhæð er u.þ.b. 532 fm með ca 4 metra lofthæð. Búið er að skipta því niður í afgreiðslu, skrifstofu og vörulager og fl. Ca 647 fm milliloft sem skiptist í 510 fm á annari hæð en þar eru skrifstofur, kaffistofa, lager o.fl. Yfir annari hæð er 137 fm skrifstofu og lagerrými með góðu útsýni yfir vinnusal.

***Nánari upplýsingar veitir Leifur Aðalsteinsson hjá 101 Reykjavík fasteignasölu í síma 820 8100***

*Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.*

# domus
FASTEIGNASALA



Bjarni Björgvinsson, lögg. fasteignasali, hdl., Egilsstaðir | Jón Eiríksson, lögg. fasteignasali, hdl., Reykjavík | Jón H. Hauksson, lögg. fasteignasali, Borgarnes | Kristján Gestsson, lögg. fasteignasali, Akureyri | Linda B. Stefánsd., lögg. fasteignasali, Reykjavík | María Magnúsd., lögg. fasteignasali, hdl., Borgarnes | Páley Borgþórsd., lögg. fasteignasali, Vestmannaeyjar | Rósa Pétursdóttir, lögg. fasteignasali, Reykjavík | Stefán Ólafsson, lögg. fasteignasali, hrl., Blönduós | Ævar Dungal, lögg. fasteignasali, Reyðarfjörður

**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 15:00–15:30






## 112 Grafarvogur

| | |
|---|---|
| Verð | 46,9 millj. |
| Fjöldi herbergja | 4 |
| Stærð | 152,4 fm |
| Byggingarár | 1997 |
| Annað | Frábært útsýni |

## Vættaborgir 16

Glæsilegt parhús með bílskúr á besta stað. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta, svalir á efri hæð, stór og fallegur sólpallur framan við húsið. Spöngin verslunarmiðstöð Grafarvogs í göngufæri, stutt í skóla og leikskóla.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 15:00–15:30






## 201 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Verð | |
| Fjöldi herbergja | 4 |
| Stærð | 121,4 fm |
| Byggingarár | 1996 |
| Annað | Stæði í bílgeymslu |

## Lækjasmári 74

Falleg og rúmgóð íbúð með sérinngangi. Rúmgóðar suðursvalir. Geymsluloft. Tvö klósett. Mjög stutt í skóla og íþróttasvæði. Virkilega góð og fjölskylduvæn íbúð.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 16:45 – 17:15






## 201 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Verð | 71,9 millj. |
| Fjöldi herbergja | 7 |
| Stærð | 229,4 fm |
| Byggingarár | 1998 |
| Annað | Parhús |

## Krossalind 3

Glæsilegt parhús með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á besta stað í Lindarhverfinu. Húsið er á 2 hæðum. Náttúrusteinn og parket á gólfum. Stórt bílaplan með munstursteypu og sólpallur fyrir framan húsið með heitum potti í garðinum.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 16:00 – 16:30






## 201 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Verð | 71,9 millj. |
| Fjöldi herbergja | 7 |
| Stærð | 229,4 fm |
| Byggingarár | 1998 |
| Annað | Parhús |

## Laxalind 7

Glæsilegt 220 fm parhús með innbyggðum bílskúr á besta stað í Lindahverfinu. Húsið er á tveimur hæðum og er allt hið vandaðasta. Fallegur garður.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 14:00 - 14:30



## 101 Reykjavík

| | |
|---|---|
| Verð | 27,9 millj |
| Fjöldi herbergja | 4 |
| Stærð | 93,6 fm |
| Byggingarár | 1929 |
| Annað | Frábær staðsetning |

## Brávallagata 8

Gullfalleg íbúð á besta stað miðsvæðis í Reykjavík. 3 rúmgóð herbergi. Eldhúsið er opið inn í stofu með fallegri innréttingu. Eikarparket á stofu, eldhúsi og herb. Baðh. er nýlega uppgert.

Elsa Þórólfsdóttir
viðskiptastjóri
elsa@domus.is
sími 664 6013



**SÖLUSÝNING**
Sunnudag kl. 16:00-16:30



## 201 Kópavogur

| | |
|---|---|
| Verð | |
| Fjöldi herbergja | 3 |
| Stærð | 99,7 fm |
| Byggingarár | 2001 |
| Annað | Stæði í bílgeymslu |

## Jötunsalir 2

Snyrtileg íbúð í góðu fjölbýli með lyftu. Eikarparket á gólfum. Bað. með baðkeri og sturtuklefa. Þvottahús innaf íbúð. Sameign öll til fyrirmyndar. Bjalla 301.

Ágúst Pétursson
viðskiptastjóri
agust@domus.is
sími 664 6025



Sími 440 6000 www.domus.is

Akureyri | Akranes | Blönduós | Borgarnes | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Reykjavík | Vestmannaeyjar

Til leigu



Frum

## ÁRMÚLI - LAGERHÚSNÆÐI - TIL LEIGU!

Til leigu 686,5 fm húsnæði á jarðhæð á þessum eftirsótta stað sem er í návist við alla helstu þjónustu. Húsnæðið er með allt að 3m lofthæð og malbikuðu bílaplani og góðri innkeyrsluhurð. Húsnæðið skiptist í eldhús og salernisaðstöðu, þrjá góða sali með miklum nýtingar möguleikum. Húsnæðið verður laust frá og með 1. apríl 2008 eða fyrr eftir samkomulagi. Mjög hagstætt leiguverð. 1.200 kr per fm án vsk. Einnig er möguleiki á að leigja efri hæð sem er skrifstofuhúsnæði/heildsala ca 300 fm og leigist á 1.450,- kr. fyrir utan vsk.

*Nánari upplýsingar gefur*
*Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300*

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Strandvegur 9 - Sjálandi Garðabæ

**Glæsileg 4ra herb. útsýnisíbúð**

**Opið hús í dag frá kl. 15-16**




Glæsileg 114 fm 4ra herb. íbúð á jarðhæð með stórri verönd með skjólveggjum í vel staðsettu lyftuhúsi við Arnarnesvoginn. Sér geymsla er á hæðinni og sér stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin er öll sérhönnuð af Guðbjörgu Magnúsdóttur arkitekt og er afar vönduð á allan hátt. Glæsilegt eldhús með eyju og hvítum innréttingum, rúmgott sjónvarpshol, 3 rúmgóð herbergi, öll með skápum og vel innréttað baðherbergi.Náttúrflísar og parket á gólfum. Óhindrað útsýni er að Álftanesi, út á voginn og til norðausturs. **Verð 42,9 millj.**

***Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, kl. 15-16 Íbúð merkt 0101.***

## Tjarnarmýri 39, Seltjarnarnesi

**Falleg 4ra herb. útsýnisíbúð**

**Opið hús í dag frá kl. 15-16**

Frum




Einstaklega björt og falleg 106 fm 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum á þessum eftirsótta stað. Íbúðin skiptist í bjart hol, rúmgóða stofu með útsýni til suðurs, opið eldhús með fallegri hvítri innréttingu, 2 herb. og baðherb. auk vinnu-og /eða sjónvarpsstofu á efri hæð. Mjög góð lofthæð í eldhúsi og stofu og útgangur úr eldhúsi á flísalagðar suðursvalir. Massívt eikarparket á gólfum. Stæði í upphitaðri bílageymslu og 10 fm sér geymsla í kj. **Stutt í skóla og leikskóla. Laus strax. Verð 35,8 millj.**

***Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, kl. 15-16. Íbúð merkt 0302.***

## Skeiðarvogur 151

**Opið hús í dag frá kl. 16-17**



150 fm tvílyft einbýlishús auk um 60 fm tvöfalds bílskúrs. Á hæðinni eru anddyri, samliggjandi stofur, eldhús með hvítum innréttingum og góðum borðkrók, þvottaherb./geymsla og baðherbergi. Uppi eru rúmgott hol, 3 herbergi og baðherbergi. Útsýni af efri hæðinni. Gróinn garður. **Laust til afh. við kaupsamning. Verð 49,7 millj.**

***Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, kl. 16-17 Verð velkomin.***

## STUÐLASEL 27

**Tveggja hæða vel staðsett einbýlishús**





HÚSANAUST kynnir: Húsanaust sími 530 7200 kynnir í einkasölu: Tveggja hæða, vel staðsett (innst í botnlanga), einbýlishús í grónu hverfi.
Frekari lýsing: Neðri hæð, forstofa er flísalögð, góður fataskápur, hol og gangur eru parketlögð, þrjú rúmgóð svefnherbergi, gólf eru parketlögð, góðir skápar. Baðherbergi er rúmgott, flísalagt hólf í gólf, falleg innrétting og hreinlætistæki. Þvottahús er á neðri hæðinni, svo og tvöfaldur bílskúr. Útgengi er út á sóverönd og stóran, fallegan garð. Stigi upp á efri hæðina er parketlagður, á hæðinni eru stofa og borðstofa, gólf eru parketlögð, fallegur arinn er í setustofunni, útgengi út á s-a svalir. Stórt eldhús, korkflísar eru á gólfi, glæsileg innrétting, inn af eldhúsi er búr. Á stigapallinum er snyrting með fallegri innréttingu.

HÚSANAUST FASTEIGNASALA
**Sími: 530 7200**
Netfang: husanaust@husanaust.is
Löggiltir fasteignasalar: Ásgeir Erling Gunnarsson, Páll Kolka, Skúli Sigurðsson og Andrés Kolbeinsson.
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf., BORGARTÚN 29, 105 REYKJAVÍK SÍMI 530 7200 FAX 530 7207

## LITLIKRIKI 31

**Glæsilegt 2gja íbúða hús í Mosfellsbæ**





Glæsilegt og mjög vandað tveggja íbúða hús samtals 342 fm á góðum stað í Mosfellsbæ, með glæsilegu útsýni að Esjunni og Helgafelli. Stærri íbúðin sem er á tveimur hæðum er 281,9 fm, þar ef er 35 fm bílskúr.
Á efri hæð er skv. teikningu: anddyri, stór stofa, borðstofa, eldhús, sjónvarpsherbergi, tvö svefnherbergi og snyrting, auk þess stórar 28 fm. svalir með frábæru útsýni yfir Varmárdalinn og að Esjunni. Einnig er 35 fm.bílskúr á hæðinni.
Á neðri hæð aðalíbúðar er rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi, tvö barnaherbergi, stórt baðherbergi með sauna, gangur og geymsla. Útgegnt er úr gangi í garðinn. Minni íbúð: sem er skráð 60 fm. er gert ráð fyrir: anddyri, stofu, svefnherbergi, baðherbergi, eldhúsi sem opið er inn í stofu og geymslu. Úr stofu er útgengt í sérgarð. Húsið skilast fullbúið að utan og rúmlega fokhelt að innan, rafmagns- og vatnsinntök komin, rafmagnstafla og vinnuljós, allir innveggir tilbúnir til sandspöslunar. Halogenlýsing í þakkanti. Lóð er skilað grófjafnaði.

HÚSANAUST FASTEIGNASALA
**Sími: 530 7200**
Netfang: husanaust@husanaust.is
Löggiltir fasteignasalar: Ásgeir Erling Gunnarsson, Páll Kolka, Skúli Sigurðsson og Andrés Kolbeinsson.
SKIPA- OG HÚSANAUST ehf., BORGARTÚN 29, 105 REYKJAVÍK SÍMI 530 7200 FAX 530 7207

A K K U R A T

Frum

**Opið hús**





***OPIÐ HÚS Í DAG KL: 15-16***
***KLEPPSVEGUR 34,** ÍBÚÐ 405 – 104 RVK.*

**MIKIÐ ENDURNÝJUÐ** 4ra herb. íbúð á efstu hæð með frábæru útsýni. Nýleg eldhúsinnrétting frá Habitat, ágætt baðherb. með aðstöðu fyrir þvottavél. **3 svefnherb.** Stofa og borðstofa. Nýtt parket. Suðursvalir. Falleg eign á góðum stað. **Verð 23,5 millj.**

***Nánari uppl. gefur Ásdís hjá Akkurat sími 898 3474***

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

A K K U R A T

Frum

**Opið hús**





**OPIÐ HÚS Í DAG KL: 13-14:30.**
**ESKIHLÍÐ 14A** - 105 RVK.

MIKIÐ ENDURNÝJUÐ ÍBÚÐ Á VINSÆLUM STAÐ! 4ra herbergja íbúð í kjallara. Samtals 84,4 fm. Nýjar náttúruflísar og parket á gólfum. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf. Tvö lítil barnaherbergi. Innréttingar í eldhúsi og baði eru nýjar frá HTH. Frábær eign á góðu verði! **Verð 22,9 millj.**

***Nánari uppl. veitir Ásdís hjá Akkurat 898 3474***

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

# EIGNAMIÐLUN

sala fasteigna í 50 ár

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**Sími 588 9090** • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is

Frum

## GUNNARSBRAUT 34 – NORÐURMÝRI, EFRI HÆÐ




*3ja herbergja 84 fm mjög falleg efri hæð í 3-býlishúsi. Hæðin skiptist í hol/gang, góða stofu, 2 rúmgóð herbergi, baðherbergi og eldhús. Verð 26,2 millj.*

*ÍBÚÐIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG SUNNUDAG FRÁ 14.00-15.00.*

# MIÐBORG

Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk

**Sími 533 4800**

**Björn Þorri**, hdl., lögg. fast.sali. – **Karl Georg**, hrl., lögg. fast.sali.

## OPIÐ HÚS

## Austurströnd 8 – bílskýli – útsýni




67,3 fm. góð 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Stórar hornsvalir með frábæru útsýni yfir Esjuna og til sjávar. Eignin skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og stofu. Stæði í bílgeymslu og sérgeymsla fylgir. Þvottahús á hæðinni. Stutt í þjónustu. Frábær fyrstu kaup. **V. 19,9 millj.**

**Opið hús í dag milli kl. 15:00 og 15:30.**
**Benedikt sýnir, 847-3600**

Frum

## OPIÐ HÚS

## Hjarðarhagi 11 – bílskýli

## Laus strax




81 fm. góð 4ra herbergja íbúð með stæði í bílageymslu, alls 93,2 fm. Eignin skiptist í hol, gang, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Góðar hornsvalir sem auðvelt er að loka. Sérgeymsla á jarðhæð sem er ekki í fermetra tölu íbúðar. Snyrtileg og stór sameign með þvottahúsi og hjólageymslu á jarðhæð. Stutt frá HÍ og grunnskólum. **V. 26,9 millj.**

**Opið hús í dag milli kl. 16:00 og 16:30.**
**Benedikt sýnir, 847-3600**

Til leigu

Frum



## ÁRMÚLI

SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI/VERSLUN – TIL LEIGU!

Mjög gott ca 300 fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð í Ármúla. Bak við Parket og Gólf. Gæti hentað vel fyrir heildsölu eða skrifstofurými. Sérinngangur á 2. hæð, komið inn í sal í dag heildsala, innaf eru skrifstofur, snyrting, kaffistofa og geymslur. Mjög gott húsnæði í miðju Reykjavíkur. Leiguverð 1.450,- kr fyrir utan vsk. Laust 1.apríl nk. Einnig er möguleiki á að leigja neðri hæð sem er lagerhúsnæði 686,5 fm og leigist á 1.200,- kr fyrir utan vsk.

*Nánari upplýsingar gefur*
*Ingvar Ragnarsson lögg. fast. 822 7300*

Akkurat FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐA 27
Sími 594 5000
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

Arnarneshæð








## Hér er gott að búa

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólríkt og skjólsælt, með gullfallegt útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.



# Opið hús í Hofakri í dag frá kl. 14–15

### Frábær hönnun

- Lyfta
- Bílastæðageymsla
- Stórar stofur
- Suðursvalir
- Gott útsýni
- Lágmarksviðhald

### Sýningaríbúð

Vorum að taka til sýningar glæsilega íbúð, fullbúna húsgögnum frá EGG.

EGG SMÁRATORGI

### Hæðin

Raðhúsin okkar leika aðalhlutverkið í þættinum **Hæðin,** sem hefur göngu sína á Stöð 2 í mars.

HÚSAKAUP

Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

Verkefni á vegum hanza

RE/MAX Torg

## Tjaldanes 1, *210 Garðabær*









### Glæsilegt einbýlishús á Arnarnesi

Vorum að fá í einkasölu þetta glæsilega einbýlishús á Arnarnesinu. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni. Efri hæðin var tekin öll í gegn fyrir um tveimur árum og neðri hæðin var endurnýjuð fyrir nokkrum árum síðan. Auðvelt er að skipta eigninni upp og stúka af auka íbúðina sem er nú þegar klár á neðri hæðinni. Aðalinngangurinn er á efri hæðinni.

Efri hæðin skiptist í stórt eldhús sem er opið yfir í mjög góða borðstofu, rúmgóða stofu með fallegum arni og stórum gluggum, tvö barnaherbergi (annað mjög stórt, var áður tvö herbergi, og hitt góð meðal stærð) og rúmgott baðherbergi sem er um þessar mundir verið að endurnýja. Neðri hæðin skiptist í góða aukaíbúð, stórt fjölskyldu/hobby herbergi og bílskúr.



Hafdís Rafnsdóttir
Sölufulltrúi
hafdis@remax.is
**895 6107**



Berglind Hólm
Sölufulltrúi
berglind@remax.is
**694 4000**



Bergsteinn Gunnarsson
Löggiltur Fasteignasali



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### EINBÝLI VIÐ MIÐBÆINN Í HFJ.
### OPIÐ HÚS Í DAG KL. 14.00 - 16.00 Á ÁLFASKEIÐI 3.







Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt einbýli auk innbyggðs bílskúrs, samtals 151,3 fm. Rúmgóð yfirbyggð úti sundlaug með sturtuaðstöðu ofl. Einstök staðsetning. Hraunlóð. Útsýni. Myndir á mbl.is. **V. 39,5 millj.**

Frum



NESEIGNIR

Sími
535 0200
www.neseignir.is

FASTEIGNASALA | ÁNANAUSTUM V/ SÓLVALLAGÖTU 84

### VATNAGARÐAR - FJÁRFESTING





Vorum að fá í einkasölu **mjög gott 1703 fm** steypt skrifstofu- og lagerhúsnæði við Vatnagarða í Reykjavík. Húsnæðið er í mjög góðu ásigkomulagi í alla staði. Fjórar góðar innkeyrsluhurðir, glæsilegt skrifstofurými ásamt rúmgóðum lagersal með mikilli lofthæð. Lagerrýmið er ca. 1200 fm og skrifstofurýmið er ca. 500 fm.

Góð aðkoma við aðal tengibrautir Reykjavíkusvæðisins. **Mjög hagstæð áhvílandi lán** eru á eigninni sem möguleiki er á að yfirtaka fyrir trausta aðila. **Húsnæðið er laust til afhendingar, einnig eru leigumöguleikar fyrir hendi.**

***Nánari upplýsingar gefur Kristinn R. Kjartansson í símum 535 0200 og 820 0762***

*Gunnar Valdimarsson, lögg. fasteignasali*

Frum



LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Sími 512 3600
Skipholti 15
105 Reykjavík
www.logheimili.is



**Heimir Bergmann**
Framkvæmdastjóri
Beinn sími 512 3600
**GSM: 822 3600**
heimir@logheimili.is



**Þorsteinn Jakobsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 899 7145**
steini@logheimili.is



**Sigurður O Sigurðsson**
Sölufulltrúi
**GSM: 616 8880**
sos@logheimili.is



**Guðný Alda Gísladóttir**
Sölufulltrúi
**GSM: 770 7377**
gudny@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is








Verð: 32.900.000
Stærð: 92,9 fm.
Fjöldi herbergja : 3
Byggingarár 2000
Brunab.mat: 17.950.000
Bílageymsla

Opið hús í dag sunnudag
milli kl. 14:00 og 14:30.

## Sóltún 5 - Reykjavík GLÆSILEG ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ MEÐ VERÖND.

**Lögheimili Eignamiðlun kynnir** Falleg 3ja herb. íbúð í vinsælu og rólegu hverfi til afhendingar strax. Bílastæði í bílageymslu. Forstofa með skáp og hol. Eikarparket á gólfum og hurðir úr eik. Svefnherbergi með eikarskápum. Rúmgóð og björt stofa og hurð út til suð-vesturs. Eldhús er með glæsilegri eikarinnréttingu, háf, helluborði, uppþvottavél frá AEG og ísskáp. Baðherbergi með flísum á gólfi ,sturtu og eikarinnrétting. Rými fyrir þvottavél. Gengið er úr stofu út á verönd með skjólvegg. Húsið er allt klætt og viðhaldslítið. Sérgeymsla.








Verð: 48.900.000
Stærð: 214,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 29.650.000
Bílskúr

Opið hús í dag sunnudag
milli kl. 14:00 og 14:30.

## Hraunbrún 35 - Hfj. Vel staðsett raðhús.

Vel staðsett 214,6 fm raðhús á 2 hæðum. **Neðri:** Forstofa með flísum. Stórt hol með skápaplássi. Baðherb. með baðkari, flísalögð sturta og gólf. Gott þv.hús, innrétting m/tvöföldum vaski. 3 svefnh. með parketi, útgengt á stóran sólpall m/heitum potti. **Efri:** Rúmgóð opin stofa. Eldhús með miklu rými og stór borðkrókur m/sjónvarpsholi. Gengið er út í 16 fm sólskála m/hita í gólfi. Svalir til suð-vesturs m/hringstiga niður á sólpall. Bílskúr og hiti í plani. Allt húsið var málað að utan 2005.








Verð: 17.900.000
Stærð: 62,2 fm.
Fjöldi herbergja : 2
Byggingarár 1979
Brunab.mat: 9.870.000

Opið hús í dag sunnudag
milli kl. 15:00 og 15:30.
Borgþór á bjöllu

## Engihjalli 19 - Kóp. 2ja herbergja íbúð á 5. hæð.

**LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN kynnir í einkasölu 2ja herb. íbúð á 5. hæð með stórkostlegu útsýni.** Eldhús með eldri innréttingu og borðkrók, opið inní stofu. Plast parket á gólfi sem og stofu sem er rúmgóð. Útgengt á svalir sem eru meðfram allri íbúðinni (ca 10 m). Herbergið er einnig með útgengi út á svalir, gott skápapláss, plast parket á gólfi. Baðherbergi er með sturtu og góðum skápum, flísar á gólfi. Þvottahús er á hæðinni,hver með sína vél. Sérgeymsla ca 6 fm í kj. og hjóla- og vagnageymsla. **Húsið var sprungu- og múrviðgert og málað 2005-2006**








Verð: 21.500.000
Stærð: 66,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1983
Brunabótamat: 11.350.000

Opið hús í dag sunnudag
milli kl. 15:00 og 15:30.
Óli Geir á bjöllu

## Borgarholtsbraut 41 - Kóp. 3ja herbergja íbúð í litlu fjölbýli.

**Lögheimili Eignamiðlun kynnir í einkasölu.** ***Lýsing:*** Komið er í hol með skáp marmaraflísar á gólfi. Barnah. með dúk á gólfi.Hjónah. með fataskáp, dúkur á gólfi. Baðh. með baðkari/sturtu, ágæt innrétt., gluggi á baði, flísalagt í hólf og gólf. Eldhús með snyrtil. eldri innrétt.,innb. uppþvottavél fylgir með. Stofan er björt og rúmgóð, úr stofu/borðkrók er gengt út á stórar flísalagðar suðursvalir með góðu útsýni.Í sameign er sérgeymsla með glugga, í sameign er þv.hús hver með sýna vél. Hiti í bílaplani. **Nú er bara að pakka og flytja inn. Laus við kaupsamnig. Þessi fer fljótt.**

Frum

# AVÍK





**3. ÁFANGI** Ný tjörn er fyrirferðarmikil í tillögunni og liggur þar sem flugstöðin fyrir innanlandsflugið er nú, vöruflutningamóttka innanlands og skemmur þar norðan af. Nýtt hverfi rís á bakka hennar en á aðflugsbrautinni milli litla og stóra Skerjafjarðar rís hverfi einbýlishúsa. Handan tjarnarinnar er byggð á austurbakka þar sem rís hverfi húsa sem dregur dám af skipulagi Reykjavíkur frá 1927 sem gerði ráð fyrir blokkum í ferningi með garði í miðju, en fjöldi húsa í Reykjavík stendur upp úr lágvaxinni byggð í gamla bænum sem minnisvarði um það skipulag.





**4. ÁFANGI** Miðbær hins nýja hverfis milli nýju tjarnarinnar og róta Öskjuhlíðar. Byggðarmynstrið er rúðunet með háum byggingum í ferningi umhverfis garð sem er með bílastæðum neðanjarðar á tveimur hæðum, sem þýðir að garðsvæðið allt verður byggt upp í sól. Götusnið þýðir að opnar sjónlínur eru að kennileitum eins og Hallgrímskirkju, Perlunni, Landakotskirkju og Háskóla Íslands. Vegna veðurfars er lagt til að gangstéttir með götum í þessu hverfi verði yfirbyggðar með súlnagöngum líkt og tíðkast í evrópskum borgum á borð við Bologna. Á jarðhæð verði verslun og þjónusta en á efri hæðum íbúðir og skrifstofur.



**4. ÁFANGI** Horft frá nýju hverfi á vesturbakka nýju tjarnarinnar í átt að Esjuhlíðum. Byggð á bakkanum verður í tengslum við rannsóknarsetur háskólanna og nær norður undir hús Íslenskrar erfðagreiningar þar sem nú standa flugskýli meðfram Njarðargötu.

> Áætlunin hefur burði til að verða útgangspunktur framtíðarþróunar í Vatnsmýri“ – Úr niðurstöðu dómnefndar.





**5. ÁFANGI** Hverfin í hlíðum Öskjuhlíðarinnar minna á raðhúsahverfið í Fossvoginum. Lág íbúðarhús sem laga sig að landinu og standa skör hærra en húsin hæstu í Miðborginni sem kölluð er. Stuttar botnlangagötur frá safngötum með baklóðum og bílastæðum að framan. Myndin sýnir hverfið með Perluna í baksýn. Í tengslum við það hverfi er gert ráð fyrir grunnskóla og menntaskóla en hverfið liggur allt að svæði sem er með byggingum sem tengjast Háskólanum í Reykjavík.

# SÍÐASTI ÁFANGINN

Lokaáfanginn í tillögum vinningshafanna er hverfi sem eru á ströndinni milli útivistarsvæðanna við Nauthólsvík og gamla Skerjafjarðarhverfisins í Skildinganesi þar sem olíustöðin var. Gert er ráð fyrir að í Skerjafirðinum rísi smábátahöfn á móts við Kársnesið og ofan við hana á flugbrautarendanum sem nú er komi glæsilegt íbúðarhverfi.

SKIPULAG PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Hin forna sýn Einars Benediktssonar um stórskipahöfn varð aldrei að veruleika en hann sá fyrir sér að eðlilegur vöxtur bæjarins í Kvosinni yrði í suður og þar væri skjólbetra hafnlægi en á Sundunum. Þegar er hafinn undirbúningur að byggingu Háskólans í Reykjavík á sléttunum neðan við Öskjuhlíðina vestanverða þar sem Nauthóll var forðum. Í fimmta áfanga skipulagstillögunnar er gert ráð fyrir byggð í hlíðum Öskjuhlíðar og að íbúabyggð rísi við ströndina.

Öll tillaga þremenningana lítur til nokkurra einkenna Reykjavíkur sem borgar: hinna opnu svæða sem urðu til sem skrúðgarðar, bæði sem eldvarnabelti sem átti upphaf sitt við Lækinn og líka sökum þess að landið var við tjarnirnar of blautt til að hægt væri að reisa á því hús og leggja götur. Í tillögunni felst viðurkenning á hinni náttúrulegu mýri sem liggur yfir Seltjarnarnesið þvert þar sem byggðin varð til. Auk hinna opnu gróðursvæða sem felast í stækkun og samtengingu Hljómskálagarðsins við friðlandið við Norræna húsið er gerð ný tjörn; stórfláki, nýr garður, er í Miðborginni við rætur Öskjuhlíðar, auk mjós en langs garðs sem liggur frá suðurenda nýju tjarnarinnar að stríðsminjunum við Skerjafjörð. Þessi strimill tengist við Öskjuhlíðina og kallast á við Laugardalinn og Elliðaárdalinn.

Byggðahugmyndir í tillögunni kallast á við eldri hverfi: Fossvogshlíðarnar, Skerjafjörðinn og hverfi sem risu við Njálsgötu og Hringbraut samkvæmt skipulaginu frá 1927 og sóttu fyrirmynd sína til ferningsblokka í evrópskum borgum.

Allar tillögur í keppninni verða til sýnis í Listasafni Reykjavíkur alla næstu viku og þannig gefst Reykvíkingum og nærsveitamönnum tækifæri til að sjá borgina sína nýjum augum, augum fagmanna víðs vegar að úr veröldinni. Þeir sjá betur en við möguleika Reykjavíkur sem heimsborgar – og nú er bara að taka áskorun þeirra og tillögum.

> Áætlunin er studd með nákvæmum tillögum um umhverfisstjórnun, möguleikum á áfangaskiptingu og samþættingu langtímamarkmiða. Borgarmyndin ... er dregin grófum línum og umferðarvandi ekki að fullu leystur, en áætlunin virðist nógu burðarmikil til þess að þola frekari útfærslu.



**5. ÁFANGI** Ílangur garður, stórt opið svæði frá enda nýju tjarnar, sem minnir á íslenskt landslag með fjölbreytilegri landslagsmótun, mosi og upprunalegar tegundir freðmýra og brunahrauna sem friðland fyrir plöntur og fuglalíf. Hann endar við braggaleifar frá stríðsárunum sem standa við Skerjafjörð og skilur á milli Skerjafjarðar og byggðar undir Öskjuhlíð.



**6. ÁFANGI** Þétt íbúðarbyggð við Skerjafjörð með stóru garðsvæði ofan við Nauthólsvík í átt að kirkjugarðinum. Aðstaða til útivistar, smábátahöfn og mögulega brú yfir í Kársnes. Horft er inn eftir Skerjafirði í átt að Fossvogsdal. Í miðju trónir bygging sem er hugmynd um sædýrasafn. Til vinstri eru íbúðir, strandbyggð, á móti suðri, blanda af þjónustu og íbúðarbyggð.



## SÝNINGIN ÞÍN ER Í BORGARLEIKHÚSINU

**PANTAÐU MJÐA NÚNA!**

# GEGGJAÐUR GAMANLEIKUR



### LÍK Í ÓSKILUM
Eftir Anthony Neilson

**LANDSLIÐ GRÍNLEIKARA**

Sun. 17. feb. kl. 20.00
Fös. 22. feb. kl. 20.00
Fös. 29. feb. kl. 20.00
Lau. 01. mar. kl. 20.00

# FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



### GOSI
Eftir Karl Ágúst Úlfsson

Sun. 17. feb. kl. 14.00
Lau. 23. feb. kl. 14.00
Sun. 24. feb. kl. 14.00
Lau. 01. mar. kl. 14.00
Sun. 02. mar. kl. 14.00

# BRÁÐFYNDIÐ OG EINLÆGT



### HETJUR
Eftir Gerald Sibleyras

**ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSARI SÝNINGU!**

Fös. 29. feb. kl. 20.00
Lau. 01. mar. kl. 20.00
Lau. 08. mar. kl. 20.00
Sun. 09. mar. kl. 20.00
Fim. 27. mar. kl. 20.00
Fös. 28. mar. kl. 20.00

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ


John Speight


Atli Heimir Sveinsson

# Algjör sinfóníuveisla

**SINFÓNÍUTÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI 7. FEBRÚAR**

**Sinfóníuhljómsveit Íslands.**

**Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson, Gunnar Guðbjörnsson. Bakraddir: Hrólfur Sæmundsson, Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir. Stjórnandi: Thomas Kutling. Efnisskrá: John Speight: Sinfónía nr. 4; Atli Heimir Sveinsson: Sinfónía nr. 3.**

★★★★

Höfundarnir lýstu verkum sínum nokkuð í síðustu Lesbók Morgunblaðsins fyrir tónleikana. John Speight segir að sinfónía sín sé um stríðið í Írak. Hann er mikill friðarsinni.

Í sinfóníu hans er andrúmsloftið þröngt og kæfandi og ber jafnvel keim af eins konar kaos og ráðleysi, tónmyndir standa stutt við og eru sundurlausar. Hljómsveitarbúningurinn er mattur og ógagnsær þó stundum heyrist skærir kaflar, sérstaklega þegar stök hljóðfæri, t.d. klarinett og trompet láta til sín taka. Þessar strófur hljóma eins og lítil mannleg örlög einstaklinga sem kæfð eru í sviplausum grimmdarmassa. Hvergi er frelsi, hvergi andblær. Bara kæfandi tortúr. Það er erfitt að hlusta á þetta verk, það er í raun innhverft og þjáningarfullt en samt afskaplega mannlegt. Á einum stað heyrist einstaklega sorgarblandin sellóleikur sem er líkt og síðustu leifar mennskunnar í hryllingnum. Þetta er tilfinningalega erfitt verk sem heimtar mikið af hlustandanum þó það sé ekki tónlistarlega strembið áheyrnar.

Sinfónía Atla Heimis fjallar um hamingjuna, frelsið og dauðann. Textinn við tónlistina er eftir Heinesen, Kasantsakis og Gunnar Gunnarsson. Textinn sem á að vera um dauðann fjallar reyndar um sjálfsvíg, maður lætur sig reka á ísjaka til hafs þar til bráðnar undan honum. Þetta finnst mér einkennilegt val á texta sem á að fjalla um dauðann. Og á maður að reyna að útleggja það eitthvað? Nei, það geri ég ekki, en það er ekki hægt að horfa framhjá því að þetta er ekki eðlilegur dauði.

Sinfónía Atla er seiðandi verk en samt opið og úthverft næstum því til enda. Söngraddirnar eru þjálar og lýsandi og hljómsveitarbúningurinn er hugsun og myndvísi textans til mikillar áherslu jafnframt því að hann hefur sitt eigið gildi og bakraddirnar, ásamt glitríkum hljómsveitarblæ, sveipa tónlistina ákveðnum töfraljóma, búa til sérstakan og skýran hljóð- og skáldlegleikaheim. Í seinni hluta síðasta kaflans dofnar hinn úthverfi blær og hann verður innhverfur – dauðinn nálgast.

Atli minnir í viðtalinu í Lesbókinni á orð Mahlers um það að sinfóníuformið eigi að spanna gervallan heiminn eða mannlífið. Ég er ekki frá því að í þessari sinfóníu sé hann á vissan hátt meðvitað og meðfram að gjalda þakkarskuld hinum horfna meistara. Blær tónlistarinnar minnir stundum á Das Lied von der Erde (enda fjalla verkin mikið til um það sama) og sinfóníur meistarans, t.d. trompetkallið í upphafi annars kaflans og þetta kemur líka fram í upphafshljómum þriðja kaflans sem er málandi mahlerískt og víðar og víðar. Í verkinu skynja ég líka það sem ég vil kalla sinfóníska gleði, nautn tónskáldsins af að semja tónlistina sem smitar til áheyrenda.

Flytjendur sungu og spiluðu af mikilli sannfæringu og elegans. Og sama er að segja um sinfóníuna eftir John Speight.

Því miður var ekki nærri því hálft hús á tónleikunum.

En þessir tónleikar voru algjör veisla.

**Sigurður Þór Guðjónsson**

# Fortíðarþrá og ullarsokkar

**AFI ULLARSOKKUR OG DALUR DRAUGANNA**

**Kristján Hreinsson**

★★

Afi ullarsokkur og dalur drauganna er fimmta bók Kristjáns Hreinssonar um ævintýri Badda og vina hans. Baddi þessi er stráklingur sem á alveg frábæran afa sem er kenndur við ullarsokk og fjölmarga félaga aðra sem flestir eiga sér einnig eitthvert viðurnefni.

Þessi saga hverfist aðallega um ferðalag Badda og afa vestur í Dalasýslu og svaðilför þeirra í göngum með Kolbeini bónda sem hefur, líkt og margar aðrar persónur þessarar sögu, komið fyrir í fyrri Baddabókunum. Ævintýrin sem Baddi segir frá eru bæði stór og smá, fólkið í sveitinni sem og í þorpinu þar sem fjölskylda hans býr er upp til hópa stórfurðulegt og uppátækjasamt. Samskipti Badda og Bjarna litla vinar hans (sem talar í útúrsnúningum á málsháttum sem fljótt verður leiðigjarnt) eru fyrst og fremst við fullorðið fólk en ekki jafnaldrar þeirra. Brandarar, orðaleikir og vísanir í sögunni hafa því meira skemmtanagildi fyrir eldri aldurshóp – það mætti kannski segja að þetta væri bók fyrir öldruð börn.

Þessi raunsæislega saga er ekki frumleg; margt í henni sem minnir á barnabækur níunda áratugarins. Þá voru ófár sögur skrifaðar um sveitastörf og stemningu í sjávarþorpum þar sem „borgin“ og „nútíminn“ voru blessunarlega fjarri. Sagan um afa ullarsokk og dal drauganna er lituð af mikilli fortíðarþrá en boðskapur hennar er sígildur – óskin eftir einföldu lífi og mikilvægi þess að sýna öðrum virðingu og sanngirni


Kristján Hreinsson rithöfundur.

Í bókinni eru svarthvítar teikningar eftir Ágúst Bjarnason sem eru nokkuð skondnar en ósköp hefði verið skemmtilegt að prenta þær í lit.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

# Ljósi varpað á merkan kafla

**FRÁ HEIMSSTYRJÖLD TIL HERVERNDAR**
**Keflavíkurstöðin 1942-1950**

**Friðþór Eydal**

★★★★

Nú þegar á annað ár er liðið síðan Bandaríkjaher yfirgaf herstöðina á Miðnesheiði er mjög við hæfi að rifjað sé upp hvernig stöðin varð til á fimmta áratugnum og þær pólitísku deilur sem stóðu um hana á eftirstríðsárunum. Þessu verkefni, sem tiltölulega lítið hefur verið rannsakað til þessa, hefur Friðþór Eydal, fyrrverandi upplýsingafulltrúi varnarliðsins, helgað sig í þessari nýjustu bók sinni.




Í bókinni lýsir Friðþór tilurð Keflavíkurstöðvarinnar, sem var langstærsta einstaka framkvæmd Bandaríkjahers á Íslandi á stríðsárunum, og þeim deilum sem stóðu um hana eftir að stríðinu loknu. „Mikilvægi Keflavíkurstöðvarinnar í varnaráætlunum Bandaríkjanna í upphafi kalda stríðsins olli hatrömmum deilum um afkastamesta samgöngumannvirki þjóðarinnar og samskipti Íslands og Bandaríkjanna,“ segir í káputexta bókarinnar.

Friðþór byggir verkið á víðtækri heimildaöflun í skjalasöfnum hernaðaryfirvalda, íslenskra og bandarískra stjórnvalda og í frásögnum heimildarmanna. Það gefur bókinni sérstakt gildi hve margar áður óbirtar ljósmyndir úr ýmsum söfnum, bæði opinberra og einkaaðila, er í henni að finna. Þær hjálpa til að varpa skýru ljósi á þennan merka umrótskafla í Íslandssögunni, sem er ágætlega lýst í titli bókarinnar, frá heimsstyrjöld til herverndar.

Friðþór skilur við efnið þar sem kalda stríðið milli nýju stórveldanna í vestri og austri er sífellt að færast í aukana, Íslendingar sögðu endanlega skilið við hlutleysisstefnu með stofnaðild að Atlantshafsbandalaginu og grunnurinn er lagður að nýjum herverndarsamningi við Bandaríkin. Þannig má vænta þess að Friðþór ætli sér að taka þar upp þráðinn í nýju bindi um sögu Keflavíkurstöðvarinnar og varnarsamstarfs Íslands og Bandaríkjanna. Það væri verðugt.

**Auðunn Arnórsson**

Smásögur

Sara Vilbergsdóttir

sýnir í Galleríi Fold

Sara ræðir við gesti sýningarinnar
í dag á milli kl. 14–16







LISTMUNASALA fold

Opið er í Galleríi Fold Rauðarárstíg virka daga frá kl.10–18,
laugardaga frá kl. 11–16 og sunnudaga frá kl. 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



## BRANAGH LEIKUR IVANOV

Írski leikarinn og leikstjórinn Kenneth Branagh ætlar að leika í Ivanov í sviðsetningu næsta haust. Hún er hluti af verkaröð sem hann stendur fyrir í Lundunum frá og með komandi hausti. Ber þar mest á sviðsetningu Branagh á Hamlet með Jude Law í aðalhlutverkinu í ársbyrjun 2009.







# Feigð í greipum fortíðar

**VOFUR HVERSDAGSINS**
**Hallberg Hallmundsson**
★★★★




Ljúf bók, einfaldur skáldskapur á tungumáli hversdagsins, auðlesin og heiðskír ljóð sem hvísla örlátu erindi sínu beint að lesandanum en hafa þeim mun minni áhuga á sjálfum sér og eigin leikfimi.
Ljóð sem forðast flókið myndmál og afneita öllu skrúði, beita líkingum af varkárni og hafna því einkenni geimaldarljóðsins að etja saman hlut og hug í órökréttu samhengi. Skáldskapur sem virðir orð og tilfinningu í nöktum einfaldleik og höfðar til skynhrifa fremur en lærdóms, virðir þögnina umfram skarkala og krefst því vissrar sjálfsafneitunar sem ljóðið bregst við með hrekklausu undanhaldi. Einsog vitur öldungur sem vitjar að nýju barnsins innra með sér og auðgar rödd þess visku reynslunnar en leyfir henni þó að hjala. Stundum alveg á mörkum þess að standast ljóðræna áskorun.

Skáldið mælir í fyrstu persónu eintölu og fer hvergi leynt með skyldleika höfundar við ljóðmælanda sinn – þeir eru tvíeinn, virðulegur karl á efri árum sem víða hefur ratað og leyst sína þraut með sæmd en heyrir nú feigðina kalla og vekja upp áleitar vofur úr fortíð sem skáldinu ber að kveða niður á ný og hvíla fyrr en ljárinn hvín. Skáldið kýs að horfa fremur fram á veg en líta um öxl, en áköf ásókn minninganna sem jaðrar við ofríki varnar skáldinu friðar og ögrun bókarinnar felst í því að ótti sálarinnar og beygur óvissunnar beinist óskiptur að fortíð eigin jarðvistar en ekki því sem bíður. Jarðbundin samviska minninganna dæmir yfirsjónir og mælir heilræði og kveikir eftirþanka og efa um innri orðstír og vegferð, jafnvel eftirsjá eftir „því sem aldrei gerðist“, dómur framtíðar er því fólginn í frjálsu vali hversdagsins og eigin innra mannorði á jörðu fremur en yfirskilvitlegu forboði. Fortíðin þrengir sér uppá núið og „lætur oss lúta vorri þraut“ og treinir því mæðunni langan lífdag, fremur en geigur við ókannað land (Helgi/Hamlet 3,1).

Þeim reimleikum mætir skáldið í kveðskapnum, vísvitandi vopnlaust, með „orðum sem forðast að mæla“, yfirlýstri trú á ósögð orð og orðlausa tjáningu, vanmætti gagnvart dýrum orðum, og sjálfshöfnun ljóðrænunnar sem í fyrstu virðist uppgjöf, svolítið einsog latigeir á lækjarbakka, en vinnur á með vaxandi áherslu á umbreytingarafl orðsins sem að endingu sannar að það er meiri list að mæla sem barn en orga öpuðum hástöfum, meiri list að þreyta bráð en eta – og jafnvel þótt ætið hafi þá síðasta orðið og sleppi óséð. Ljóð getur átt eintal við skáld sitt svo allir hlýði og kveðið niður draug þess svo allir hvílist með því að skrúfa niður í sjálfu sér og leysa eða eyða þannig innri vanda (þótt ærinn sé) með þeim sömu fyrirmælum sem vægðarlaust berhátta allt hið ytra.

En ofurhversdagsleikinn í einstaka ljóðum og málfar sem stígur yfir mörk tals og ritmáls gerir það að verkum að skáldskapurinn tapar alvörunni einstaka sinnum og fær þá blæ af ömmu- og afasögum sem gleymdu að skrifa það niður að börnin uxu upp.

Hugljúf bók sem virðir hógværð ljóðsins – næstum að hættumörkum.

Þá hefur skáldið þýtt og gefið út 22 ljóð eftir spænska nóbelsverðlaunahöfundinn Juan Ramón Jiménez. Gullfalleg ljóð, full af tónlist og trega. Fengur í þýðingum Hallbergs að vanda.

**Sigurður Hróarsson**

Tilvist, trú og tilgangur
Sigurjón Árni Eyjólfsson


Er Guð til? Hver er tilgangur lífsins? Guðfræðingar hafa tíðum leitað í smiðju til heimspekinnar til að skýra samband Guðs og manns. Í þessari bók er fjallað um nokkrar helstu kenningar um tilvist Guðs, allt frá guðssönnunum Anselms til guðsafneitunar Nietzsches. Lýst er tengslum guðfræði og heimspeki, inntak trúarhugtaksins er útskýrt, auk þess sem fjallað er um þá tilvistartúlkun sem löngum hefur sett mark sitt á evangelísk-lútherska guðfræði.
Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is

flickr flakk og heljarstökk

1. 12. 2007 – 17. 2. 2008
LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography
Grófarhús · Tryggvagötu 15 · 101 Reykjavík · Sími 563 1790 · www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
Opið mánudaga til föstudaga frá 12–19 · helgar frá 13–17 · AÐGANGUR ÓKEYPIS

Tjáðu þig!
Stærsta bloggsamfélagið! Yfir 150.000 notendur!


Viltu sýn'eikkað?
Ný útlit · Myndaalbúm · Símablogg
BlogCentral.is
Stærsta bloggsamfélagið á Íslandi


Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.
„Ég sá það fyrst á visir.is“
Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.
vísir.is
...ég sá það á visir.is


# Það eru allir á sama máli



## ... AÐ TJALDABAKI



Á morgun rennur út frestur umsækjenda um leikhússtjórastólinn hjá Leikfélagi Akureyrar. Margir eru nefndir sem líklegir umsækjendur: Hilmar Jónsson sem hefur verið burðarás ásamt Erling Jóhannessyni í Hermóði og Háðvör í Hafnarfirði um árabil, Halldór Laxness sem hefur áður sótt um starfann nyrðra án árangurs, María Sigurðardóttir sem er nýbúin að leikstýra þar Fló á skinni og Edda Björgvinsdóttir leikkona. Talið er víst að umsækjendur verði fleiri en það er stjórnar LA að velja manninn.

Bjarni Jónsson leikskáld er þessa daga að leikstýra verki eftir sig í Útvarpsleikhúsi RUV. Nú er lokið frágfangi á dagskrá L'OKAL, alþjóðlegrar hátíðar sem Bjarni og Ragnhildur Skúladóttir kona hans eru upphafsmenn að en á þeirra vegum verða hér alþjóðlegar og íslenskar sýningar í byrjun mars.

Listahátíð mun brátt opinbera dagskrá sína. Meðal þess sem þar er í boði er dagskrá sönglaga við ljóð Steins Steinarr en hundrað ára ártíð hans er fram undan.



Það eru Jón Ólafsson hljómborðsleikari og Sigurður Bjóla, fyrrverandi Spilverksmaður, sem eiga tónlistina í bland við eldri lög en meðal flytjenda á tónleikum 29. og 30. maí verða KK, Ellen, Helgi Björnsson, Hildur Vala, Þorsteinn Einarsson úr Hjálmum og Svavar Knútur Kristinsson úr Hrauni. Sex manna band spilar undir.

MIRALE

Kartell dagar

20% afsláttur
af öllum Kartell vörum
opið í dag 13–16









MIRALE
Síðumúla 33
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Opið
mán.–föstud. 11–18
laugardag 11–16
sunnudag 13–16
www.mirale.is




Handan um höf – Helgi Hálfdanarson



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



Ferðalok – Jónas Hallgrímson 1807–1845



Surtsey – jörð úr ægi

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM

Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
*National Centre for Cultural Heritage*
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Veitingar á virkum dögum.
Sýningar - leiðsögn - verslun

Opið daglega kl. 11.00 – 17.00
Leiðsögn á íslensku um handritasýninguna í hádeginu kl. 12.10 á fimmtudögum. Leiðsögn á ensku um handritasýninguna kl. 15.30 á mánudögum og föstudögum.
Í versluninni: Myndlistarsýning Erlu Þórarinsdóttur – Sameign. Opinber rými.



